



# Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: [www.bb.is](http://www.bb.is) · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110023513

Fimmtudagur

22. september 2011

38. tbl. · 28. árg.



Vantar þig íbúð  
til leigu?

Hafðu samband!  
sími: 456 6600



N1 VERSLUN ÍSAFIRÐI  
Sími: 456 3995  
OPIÐ: MÁN.-FÖS. 7-17



## Á góðri siglingu

„Gangi menn með svona hugmyndir í maganum er annaðhvort að kýla á þær af fullum krafti, eða gleyma þeim,“ segir Sigurður Jónsson, annar eigenda Borea Adventures og skipstjóri á skútunni Auroru. Í miðopnu blaðsins rifjar Sigurður upp fyrstu kynnin af Auroru, segir frá nýjum ferðum Borea Adventures og lýsir baráttunni við hættulegustu siglingaleiðir heims.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐINNI  
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| [www.flytjandi.is](http://www.flytjandi.is) | sími 525 7890 |

**EIMSKIP**  
Flytjandi



Langþráð hjúkrunarheimili verður nú byggt á Ísafirði.

# Hjúkrunarheimili byggt á Ísafirði

Ríkisstjórnin hefur samþykkt að heimila velferðarráðherra og fjármálaráðherra að ganga til samninga við Ísafjarðarbæ um byggingu 30 rýma hjúkrunarheimilis. Framkvæmdir verða fjármagnaðar með svokallaðri leiguleið. Heimamenn munu annast hönnun og byggingu hjúkrunarheimilanna í samræmi

við viðmið ráðuneytisins og fjármögnunin verður tryggt með láni frá Íbúðalánasjóði en Framkvæmdasjóður aldraðra stendur undir húsaleigu til viðkomandi sveitarfélags og reiknast hún sem ígildi stofnkostnaðar.

Einnig var samþykkt að semja við Reykjanesbæ vegna byggingu 60 rýma hjúkrunarheimilis.

Árlegar leigugreiðslur Framkvæmdasjóðs aldraðra vegna heimilanna tveggja verða um 180 milljónir króna. Árlegur rekstrar-kostnaður til viðbótar þeim heimildum sem fyrir eru nemur um 160 milljónum króna.

Haustið 2009 samþykkti ríkisstjórnin áætlun um uppbyggingu hjúkrunarheimila í nýu sveitarfé-

lögum, samtals 361 hjúkrunar-rými og að velferðaráðuneytið og fjármálaráðuneytið myndu leita eftir samstarfi við sveitarfélögin um framkvæmdirnar. Samþykkt ríkisstjórnarinnar byggðist á framkvæmdaáætlun félags- og tryggingamálaráðuneytisins frá árinu 2008 þar sem mat var lagt á þörf fyrir uppbyggingu hjúkr-

unarrýma um allt land.

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða hefur fjárheimildir fyrir rekstri 20 hjúkrunarrýma en á svæðinu er talin þörf fyrir 30 hjúkrunar-rými. Þau rými sem eru fyrir hendi á Ísafirði eru inni á sjúkrahúsinu sjálfu og samræmast því ekki áherslum samtímans um umhverfi og aðbúnað fólks.

# Farsæll endir á margra ára baráttu

„Það er svo mikill fögnuður í mínum huga að ég kann mér ekki læti,“ segir Eiríkur Finnur Greipsson, formaður nefndar um byggingu hjúkrunarheimilis á Ísafirði,

er hann var inntur eftir viðbrögðum við þeim fregnum að ríkisstjórnin hafi samþykkt að heimila velferðarráðherra og fjármálaráðherra að ganga til samninga

við Ísafjarðarfjarðarbæ um byggingu 30 rýma hjúkrunarheimilis. „Við ættum að vera mjög þakklát ákvörðun ríkisstjórnarinnar að ganga til samninga við okkar en

þetta er búið að vera margra ára baráttumál bæjaryfirvalda.“

Hann segir að bygging hjúkrunarheimilis muni hafa gífurleg áhrif á vestfirskt samfélag. „Þetta hefur gríðarlega þýðingu bæði fyrir aðhlyningu aldraðra og heilbrigðisþjónustuna á svæðinu og eins er þetta atvinnuskapandi, bæði umsvifin á hjúkrunarheimilinu sjálfu og eins við byggingu þess.“

Svanlaug Guðnadóttir, sem einnig á sæti í nefndinni, hefur verið í forystu þeirra sem unnið hafa að því að fá þetta í gegn frá árinu 2003. Hún var nýbúin að fá fréttirnar þegar blaðamaður náði á hana. „Ég er bara í sælúvímum og enn að ná mér niður. Það er búið að vera mikil baráttu og þetta er mikið framfararskref fyrir okkur á Vestfjörðum að fá þetta hjúkrunarheimili þar sem fólk getur fengið að dvelja með reisin.“

Haustið 2009 samþykkti ríkisstjórnin áætlun um uppbyggingu hjúkrunarheimila í nýu sveitarfé-lögum, samtals 361 hjúkrunar-rými og að velferðaráðuneytið og fjármálaráðuneytið myndu leita eftir samstarfi við sveitarfélögin um framkvæmdirnar. Samþykkt ríkisstjórnarinnar byggðist

á framkvæmdaáætlun félags- og tryggingamálaráðuneytisins frá árinu 2008 þar sem mat var lagt á þörf fyrir uppbyggingu hjúkr-unarrýma um allt land.

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða hefur fjárheimildir fyrir rekstri 20 hjúkrunarrýma en á svæðinu er talin þörf fyrir 30 hjúkrunar-rými. „Þau rými sem eru fyrir hendi á Ísafirði eru inni á sjúkrahúsinu sjálfu og samræmast því ekki áherslum samtímans um umhverfi og aðbúnað fólks á hjúkrunarheimilum. Með byggingu nýs 30 rýma heimilis gjörbreytast aðstæður íbúa en byggt verður samkvæmt viðmiðum ráðuneytisins um skipulag hjúkrunarheimila,“ segir í tilkynningu á vef velferðaráðuneytisins.

En hver verða næstu skref í þessum málum? „Nú er bara að ljúka þessum samningum og setja upp tímasetningar. Við fundum um fyrir í vikunni þar sem við vorum að leggja upp vinnudrög en boðað hefur verið til annars fundar á mánudag í kjölfar þessara fréttu og þar munum við skerpa enn frekar á því hvað við getum gert til að málið fái farsæla og hraða afgreiðslu,“ segir Eiríkur Finnur. – *thelma@bb.is*

## Skotvopnanámskeið og veiðikortanámskeið

Fyrirhugað er að halda námskeið fyrir umsækjendur um skotvopnaleyfi og undirbúningsnámskeið fyrir hæfnispróf veiðimanna.



**UMHVERFISSTOFNUN**



### Ísafjörður

Staðsetning:	Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Skotvopn bóklegt:	6. og 7. okt kl 18.00-22.00
Skotvopn verklegt:	8. okt kl 10.00 Skotsvæði.
Veiðikortanámskeið:	5. október kl 17.00-23.00

Veiðikortanámskeiðið kostar kr. 10.500,- og skotvopnanámskeiðið kr. 20.000,-

**Skráning fer fram á [www.veidikort.is](http://www.veidikort.is)**

Þátttakendur á skotvopnanámskeiðum þurfa að skila inn sakavottorði, læknisvottorði og passamynd til skrifstofu sýslumanns fyrir námskeiðin. Læknisvottorðið þarf að vera sérstaklega útgefið vegna skotvopnaleyfis. Skráning fer fram á vefnum veidikort.is. Nánari upplýsingar á veidikort.is.

Samkaup

úrval

góðir grannar



Sparnaðartilboð helgarinnar 22. - 25. september

samkaupurval.is

Góð kaup!

998

798 kr/pk

Pítubuff, 6 stk með brauði frá Goða

30% afsláttur

1.569

1.098 kr/kg

Bayonneskinka frá Kjötseli



38% afsláttur

Kjúklingahakk 559 kr/kg

frá Ísfugli

verð áður 898 kr/kg



50% afsláttur

Vínber 319 kr/kg

verð áður 638 kr/kg



30% afsláttur

Svínahnakki 1.119 kr/kg

úr kjötborði eða pakkaður ferskur verð áður 1.598 kr/kg

Góð kaup!

259

199 kr/pk

Smákökur frá Coop, 150g gæði og gott verð!

36% afsláttur

Eldhúsrúllur, 4 stk frá Anglamark 489 kr/pk

verð áður 759 kr/pk



...sjá fleiri tilboð á samkaupurval.is

# „Kraftur og jákvæðni einkennir fólk hérna“

Lesendur BB kannast orðið vel við nafnið Sunna Dís Másdóttir. Undanfarið ár hefur hún þeyst um Ísafjarðarbæ og tekið opnuviðtöl blaðsins auk þess að skrifa um fjölmargt annað. Nú hefur Sunna Dís ákveðið að segja skilið við blaðamenskuna í bili og einbeita sér að öðrum verkefnum. Hér er síðasti séns til að kynna henni betur áður en hún hverfur, í bili.

„Það var fyrir röð tilviljana að ég kom hingað vestur. Um áramótin 2009 fórum við Atli, kærasti minn til Súðavíkur að heimsækja systur hans og eiginmann hennar sem voru að vinna verkefni þar og því búsett tímabundið í þorpinu. Við eyddum jólum og áramótum þar, upplifðum bleikt og appelsínugult Djúp og allt var dásamlegt. Síðan sneri ég nú bara heim en Atli ákvað að vera aðeins lengur. Hann fór í bíltúr ásamt fleirum til Flateyrar en þar segist einhver þekktur strákinn sem er nýtekinn við rekstri Vagnsins, sá kunnir ekkert að elda. Atli er kokkur og því vakti þetta forvitni hans. Málin þróuðust svo þannig að hann réði sig í sumarvinnu á Vagninum. Ég kláraði mastersnámið mitt þá um vorið og sá fyrir mér að það yrði örugglega ágætt að eyða sumrinu í sólbaði og tína blóm á meðan hann þrælaði sér út á Vagninum. En stuttu síðar vantaði einhvern til að reka bókabúðina hér á Flateyri og mig hafði dreymt um eitthvað slíkt síðan í æsku. Þannig að við komum vorið 2010 og erum hér enn. Mér hefur reyndar heyrst á mörgum sem ég talað við að í upphafi slyst fólk hingað og svo festist það.“

Hvað varstu að gera áður?

„Ég hafði verið í mastersnámi í hagnýtri menningarmiðlun Háskóla Íslands. Þar á undan náði ég mér í BA próf í ensku og ritlist. Í millitíðinni starfaði ég sem blaðamaður á Fréttablaðinu í tvö ár.“

Sunna Dís segir það hafa komið sér og Atla þægilega á óvart hversu auðvelt var að komast inn í samfélagið á Flateyri.

„Já, ég átti ekki von á því að fólk myndi hreinlega breiða út faðminn á móti okkur. Ég held að við höfum fengið hálfgerð gæðavottorð sem Flateyringar eftir einn, tvo mánuði eða svo.

Til marks um það bendi ég á að ég mun keppa fyrir hönd Ísafjarðarbæjar í Útsvari í vetur - mér skilst að ég sé fulltrúi nýbúa!“

## Suðupotturinn Flateyri

Hvernig samfélag er Flateyri?

„Mér finnst Flateyri eiginlega vera eins og smækkuð útgáfa af því sem stundum er kallað suðupottur en þá yfirleitt til að lýsa stórborgum. Heimafólk sem hefur búið í þorpinu alla sína tíð í bland við aðflutta Flateyringa, bæði íslenska og erlenda. Inni í heildinni eru mörg minni samfélög en mér virðist fólk umgangast þvers og kruss. Svo er líka að myndast einhverskonar útibú frá 101 Reykjavík sem er þó dásamlega í takt við allt annað í bænum.“

Hvernig var svo að fá yfir sig veturinn eftir blómatísluna og sólböðin?

„Aftur kom þægilega á óvart hvað var mikið um að vera. Matarklúbbur, vínklúbbur, bingó... Líklega hef ég verið miklu minna heima hjá mér hér en hefði ég verið í Reykjavík. Þar hefði ég örugglega bara legið upp í sófa og horft á sjónvarpið.“

Ekkert dimmt og kalt?

„Jú, það var svolítið dimmt. Ég hafði ekki áttað mig á því áður hvað borgarljósín í Reykjavík gera mikið. Einhverntíma fór ég út að hlaupa en misreiknaði aðeins tímann svo að þegar ég var stödd við Klofning var allt orðið kolbikasvart. Ég sá ekki einu sinni veginn og þurfti að þreifa mig áfram alla bakaleiðina. Annars held ég að málið sé að vera í takt við náttúruna sem hægir á öllu yfir veturinn. Að vera ekki að rífa sig upp klukkan hálf-sjö í kolniðamyrkri heldur fara bara aðeins seinna á fætur og vinna því lengur frameftir, ef maður hefur á kost á því. Við höfum ekki sömu orku á þessum árstíma og í júní.“

## Sigurjón er finn

Þú ert búin að taka mikið af viðtölum á undanfögnu ári - að hverju komstu um Vestfirðinga?

„Mér finnst ákveðinn kraftur einkenna fólk hérna. Flestir virðast á kafi í sínum hugðarefnum eða félagslífi. Þrátt fyrir að at-

vinnaústandið sé kannski ekki frábært og það geti verið erfitt að búa hér er fólk áberandi jákvætt. Það vill vera hérna og er tilbúið að taka höndum saman og berjast fyrir því þegar þess þarf.

Minnisstaðustu viðtölin mín eru alltaf þau þar sem fólk þorir að opna sig og deila reynslu sinni af einhverri auðmýkt gagnvart lífinu. Og það gerðist nokkrum sinnum í vetur. Mér eru líka eftirminnileg viðtöl sem ég tók í tengslum við að í fyrra voru fimmtán ár liðin frá því að snjóflóðin féllu. Það er eitthvað sem er fólki skiljanlega enn ofarlega í huga.“

Að öðru, hvernig yfirmaður er Sigurjón, ritstjóri á BB?

„Sigurjón er finn yfirmaður. Hann verður svolítið stressaður stundum, sem er ekki óalgengt í blaðaútgáfu, en þá strýkur maður honum bara meðhárs og þá slakar hann á.“

## Rauða spjaldið í vasanum

Sunna Dís hefur nú lokað bókabúðinni á Flateyri og er hætt að skrifa fyrir BB í bili. Hvað tekur við?




„Ég er að klára verkefni fyrir Minjasjóð Öfundarfjarðar sem á og rekur bókabúðina. Það felst í að skrifa alla innanstokksmunina í safninu á neðri hæð hússins, íbúð gömlu kaupmannshjónanna. Í næsta mánuði förum við Atli svo til Hveragerðis til að sjá um gistiheimili sem foreldrar hans eiga. Þar á eftir förum við til Indlands í tvo og hálfan mánuð. Þyrjum í Kerala og látum þetta svo ráðast.“

En væntanlega snúið þið aftur þar sem Atli tók sig til síðasta vor og keypti Vagninn?

„Já, við verðum farfluglar hér næstu árin. Reyndar gerðum við Atli með okkur samning. Hann fékk pottþétt þrjú sumur til viðbótar á Vagninum en ég fékk rautt spjald til að hafa í vasanum. Að þessum þremur árum liðnum get ég veifað rauða spjaldinu og farið fram á breytingar. Ef til þess kemur held ég að það verði nú ekki vegna búsetunnar á Flateyri, frekar vegna þess hvað það útheimtir mikla krafta að reka veitingastað.“

– Huldar Breiðfjörð.





Nú geta Bolvíkingar fengið fulla sjónvarpsþjónustu!

# Netið er eins og vatn úr krana, þarf bara alltaf að virka

Síminn býður upp á hraðar og öruggar áskriftarleiðir þar sem þú getur fylgst með notkuninni og breytt áskriftinni eftir þínum þörfum með einum músarsmelli.

Hringdu núna í 800 7000 og veldu þína leið – með Netvara og Sjónvarpi Símans.

		Vinsælasta leiðin					
	Leið 1 10GB		Leið 2 40GB		Leið 3 80GB		Leið 4 140GB
Mánaðarverð 4.490 kr.		Mánaðarverð 5.490 kr.		Mánaðarverð 6.490 kr.		Mánaðarverð 7.690 kr.	

# Melódísk fjölskylduplata hjá Mugison

Upptökum er lokið á nýrri plötu vestfirska tónlistarmannsins Mugison og er platan komin í framleiðslu. Platan, sem hefur fengið nafnið Haglél, er melódísk popplata og er heldur rólegri en fyrri plötur Mugison. „Hugmyndin var upphaflega að gera plötu sem amma myndi líka við, því venjulega hoppar hún yfir þrjú til fjögur lög á plötunum mínum. En ég var næstum búinn að klúðra þessu því það er sennilega eitt lag sem hún verður hoppa yfir núna,“ segir Mugison og hlær við. Haglél er áttunda plata Mugison en þetta er í fyrsta skiptið sem hann gefur út plötu á íslensku. Mugison segir að tími hafi verið kominn á eina slíka því hann hafi átt orðið þó nokkuð efni á íslensku.

Sum lögin, eins og Gúano stelp-

an mín, hefur hann verið að flytja í nokkur ár. Þau lög sem þegar eru komin í spilun hefur verið tekið mjög vel, til dæmis sat lagið Stingum af lengi í fyrsta sæti vinsældarlista Rásar 2 en lagið hefur nú verið 9 vikur á listanum. Haglél var að mestu unnin á Vestfjörðum. Að sögn Mugison var það að gamla góða bandið hans sem vann plötuna með honum, en hljómsveitina skipa Arnar Gíslason á trommur, Pétur Ben á gítar, Davíð Þór á hljómborð og Guðni Finnsson á bassa. Þá spilar tónlistarmaðurinn Tómas R. Einarsson á bassa í tveimur lögum og gítargoðið Björgvin Gíslason kíkir í heimsókn.

Mugison er fluttur suður til Reykjavíkur og er sestur á skóla-



bekk í Listaháskóla Íslands. Það verður því nóg að gera hjá Mugison í vetur. „Framundan eru útgáfutónleikar og svo þarf ég að sinna skólanum, ætli ég reyni

ekki einhvern veginn að blanda þessu tvennu saman,“ segir Mugison. Platan kemur út 1. október en hægt verður að nálgast hana viku fyrr á heimasíðu Mugison. Þá verður farið í tónleikaferð um landið til að kynna nýju plötuna og stefnir Mugison á Vestfirði snemma í október.

– asta@bb.is

## smáar

Til leigu er lítið einbýlishús á eyrinni á Ísafirði. Leigist með eða án húsgagna. Langtímaleiga. Áhugasamir sendi póst á j24goss@gmail.com.

Til leigu er 3ja herb. íbúð nálægt miðbæ Ísafjarðar. Leigist með húsgögnum frá 22. nóv. og útfebrúar 2012. Úpl. í síma 895 7151 (Rafn).

Stuttur, svartur leðurjakki með árenndri hettu var tekinn í misgripum á dansleik í félagsheimili Bolungarvíkur á laugardags. Sá eða sú sem tók jakkan er vinsamlegast beðinn að hafa samband við Benna Sig í síma 690 2303.

## Spurningin

Ertu sátt(ur) við ákvörðun Ögmundar um Vestfjarðaveg?

Alls svöruðu 707.  
Já sögðu 72 eða 10%  
Nei sögðu 635 eða 90%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

## Helgarveðrið

**Horfur á föstudag:** Vaxandi austan- og norðaustanátt og rigning víða um land, einkum austantil. Milt í veðri.

**Horfur á laugardag:** Útlit fyrir umhleytingar með úrkomu víða um land. Milt í veðri.

**Horfur á sunnudag:** Útlit fyrir umhleytingar með úrkomu víða um land. Milt í veðri.

## Fyrsta áfanga lokið í maí 2012

Ráðgert er að sæti verði komin í nýja áhorfendastúku á Torfnesevelli á Ísafirði í maí á næsta ári. Ísafjarðarbær samþykkti nýlega breytingu á deiliskipulagi bæjarsins og að sögn Jóhanns Kröknes Torfasonar, hjá eignarhaldsfélaginu ST2011, sem heldur utan um fjármögnun á nýrri áhorfendastúku, er næsta skref að sækja um formlegt byggingaleyfi. Í reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga er gerð krafa um ákveðinn fjölda sæta í stúku

og ef lið er í úrvalsdeild þá er gerð krafa um yfirbyggða stúku. Félög sem ekki hafa stúku hafa ekki keppnisrétt á heimavelli, en lið BÍ/Bolungarvíkur sem á heimavöll Torfnesevelli, hefur verið á undanþágu frá reglugerðinni í sumar.

Enn er verið vinna að fjármögnunarleiðum. BÍ/Bolungarvík á rétt á 10 milljóna króna styrk frá KSÍ til verksins en það er liðsins að ákveða útfærslu stúkunar innan ramma deiliskipu-

lags og hversu dýr hún verður. Segir Jóhann að ýmsar hugmyndir séu upp á borðinu um fjármögnunarleiðir en ekkert hefur ennþá verið formlega ákveðið. Þá er Skotíþróttafélag Ísafjarðarbæjar að athuga hvort að félagið komi að byggingu stúkunnar en uppi eru hugmyndir að undir henni verði lögleg keppnis- og æfingaaðstaða fyrir skotíþróttamenn, þar sem hægt verður að æfa og keppa í skotfimi á 25 og 50 metra færi.

„Við höfum nægjanlegt fjármagn til að hefja framkvæmdir en við verðum að gæta þess að finna hagkvæmstu lausnina. Fyrsti áfangi verður kláraður og svo verður beðið þangað til að sá áfangi er kláraður og fjármögnun fæst fyrir þeim næsta,“ segir Jóhann. Að hans sögn hefur áhorf í sumar verið með ágætum. Lið BÍ/Bolungarvíkur hefur fundið fyrir meðbyr íbúa á Ísafirði og nágrenni með góðu gengi liðsins í sumar.

– asta@bb.is

## Ritstjórnargrein

## Horft til sólar

Um miðjan ágúst spurði BB enn eina ferðina hvers aldraðir Ísfirðingar ættu að gjalda af hálfu stjórnvald eftir margra ára árangurslausu baráttu bæjaryfirvalda fyrir byggingu hjúkrunarheimilis á Ísafirði. Allt frá árinu 2003 hefur verið unnið að þessu máli og síðla árs 2006 lá fyrir staðfesting heilbrigðisráðuneytisins á heimild fyrir byggingu tiltekins fjölda hjúkrunarrýma; ákvörðun sem síðar var felld niður. Á þingi Fjórðungssambands Vestfirðinga, sem haldið var fyrir skömmu, kvað Guðbjartur Hannesson, velferðarráðherra, þó upp úr með það að eitt af stærra verkefnum á sviði velferðarmála væri samstarfsverkefni stjórnvalda og sveitarstjórnar um áform um byggingu hjúkrunarheimilis á Ísafirði. Og ráðherrann lagði áherslu á að lenda málinu sem fyrst, helst fyrir áramót. Segja má að með þessari yfirlýsingu hafi loks fengist svar við því að bygging hjúkrunarheimilis kæmi til greina í Ísafjarðarbæ. Játa ber að BB stillti vekjarann á áramótin. Þeim mun meiri er ánægjan yfir að höggvið var strax á hnúttinn.

Bygging 30 rýma hjúkrunarheimilis á Ísafirði er á margan hátt mikilvægt skref á heildina lítið fyrir bæjarfélagið. Tilvist þess nær til stórbættar aðhlyningar aldraðra auk þess sem atvinnutækifæri verða til við byggingu og rekstur heimilisins. Þegar gengið hefur verið frá formlegum samingi milli ríkissjóðs og bæjarfélagsins liggur ekkert annað fyrir en að heimamenn, sem koma til að sjá um

verkið, bretti upp ermar og sjái til þess að biðin eftir því að aldraðir Ísfirðingar fái notið síðustu æviáranna með mannsemandi hætti, verði sem allra styst.

\*\*\*

Annað mál sem húkt hefur yfir Vestfjörðum líkt og mara er ástandið sem skapaðist við gjaldþrot Eyrarodda ehf., í fyrrihaust og sem engan enda virtist ætla að fá í meðförum þeirra, sem með þrotabúið höfðu að gera. Í raun má segja harmleikur, sem ekki er samsandi síðuðu þjóðfélagi.

Einu sinni er það nú svo að öll el birtir upp um síðir. Kaup Arctic Fish ehf á þrotabúi Eyrarodda kveikir vonir um að á ný sé farið sé að rofa til í atvinnumálum Flateyringa, þótt meira þurfi að koma til, eins og réttilega er bent á í yfirlýsingu Verk-Vest um málið.

Af þeirri vitneskju sem BB hefur um Arctic Fish ehf verður ekki annað ráðið en að hægt sé að binda vonir við að fyrirtækið sé komið til að vera. Sjálfir segjast eigendurnir ætla að fara hægt í sakirnar og byggja vinnsluna fyrst í stað upp á vinnslu eldisfisks sem fyrirtækið ræktar í Dýrafirði.

BB fagnar endalokum óvissunnar sem ríkt hefur á Flateyri og vonar að tilkoma Arctic Fish ehf sé upphaf endurreisnar í atvinnumálum staðarins.

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. Blaðamenn: Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. Ásta María Sverrisdóttir, sími 824 0644, asta@bb.is. Ritstjóri netútgáfu bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson. Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. Ahyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. ISSN 1670 - 021X



**OPNUM KL.11:00 MÁNUDAGA-FIMMTUDAGA**



**3998**  
KR. KG

**FROSID LAMBAFILLET**



**1398**  
KR. KG

**FROSID LAMBALÆRI 1.FLOKKUR**



**759**  
KR. KG

**1. FL FROSID SÚPUKJÖT**



**898**  
KR. KG

**FERSKT BLANDAÐ HAKK**  
NAUT 40% - LAMB 40% - GRÍS 20%



**579**  
KR. KG

**498**  
KR. KG

**SS ÓSODID SLÁTUR**

LIFRARPÝLSA 579 KR.KG BLÓDMÖR 498 KR.KG.



**985**  
KR. KG

**ALI FERSKAR**  
**GRÍSAKÓTILETTUR**

**NÝTT FRÁ EUROSHOPPER**



**EUROSHOPPER MÚSLIBAR TVÆR TEG.**  
**198 KR 8 STK**



**598**  
KR. KG

**FISKBÚÐIN OKKAR**  
**STEIKTAR FISKBOLLUR**

**FORSTEIKTAR FISKBOLLUR**  
**SEM ÞARF AÐEINS AÐ HITA**



**298**  
KR. STK

**KJARNAFÆÐI 620 GRÖMM**  
**NÝTT KJÖTFARS**



**EUROSHOPPER NÚÐLUR 85 GRÖMM**  
**29 KR**



**BÓNUS BRAUÐSKINKA**



**BÓNUS MALAKOFF**



**EUROSHOPPER FROSNAR**  
**KJÜKLINGABRINGUR**  
**1498 KR 900g**



**AKURSEL LÍFRÆNAR**  
**GULRÆTUR**



**SULTUKRUKKA:**  
**98 KR**  
**SULTUSYKUR 1 KG.**  
**398 KR**



**195**  
KR. 1 LTR.  
**TRÓPÍ 1 LTR.**  
100% HREINN  
APPELSÍNUSAFI MEÐ  
ALDINKJÖTI



**195**  
KR. 2 LTR

# Vestfirðir og norðausturhornið vaxtarsvæði næstu áratuga

Vestfirðir og norðausturhorn landsins verða vaxtarsvæði næstu áratuga að mati Styrmis Gunnarssonar, fyrrv. ritstjóra Morgunblaðsins. Í grein sem Styrmir ritar á vefsíðuna Evrópuvaktin, segir hann að fyrirsjáanlegt sé að mikil uppbygging verði á Grænlandi fram eftir þessari öld og þar sem Grænlandingar séu svo fáir, þurfi þeir að sækja þjónustu vegna þess-

arar uppbyggingar annað. „Það hentar þeim betur og er ódýrara að sækja hana til Íslands en til Danmerkur. Sá staður á Íslandi sem er næst Grænlandi eru Vestfirðir. Augljóst er að Ísafjörður gæti orðið eins konar miðpunktur samskipta á milli Íslands og Grænlands og kjarninn í þeirri þjónustu, sem Grænlandingar munu leita eftir til Íslands. Þar er sjúkra-

hús. Þar eru skólar. Þar eru fyrirtæki, sem hafa margvíslega reynslu af þjónustu við sjávarútveg og aðrar atvinnugreinar. Rökin fyrir því að Vestfirðir og þá ekki sízt norðurhluti Vestfjarða geti orðið annað af tveimur mestu vaxtarsvæðum Íslands á 21. öldinni eru Grænland og uppbyggingin þar,“ segir Styrmir.

„Tvennt mun stuðla að því að

norðausturhornið rís á næstu áratugum. Annars vegar auknar siglingar um norðurleiðina milli Atlantshafs og Kyrrahafs og hins vegar olíuleit og hugsanlega olíuvinnsla norður af Íslandi. Í báðum tilvikum liggur norðausturhorn Íslands vel við þjónustu við þessa starfsemi. Til viðbótar má nefna að sjávarútvegur á Vestfjörðum getur öðlast nýtt líf með nýjum

fiskimiðum, sem opnast í norðurhöfum vegna hlýnunar og bráðunar íss. Og 500-600 megawatta orkuframleiðsla á Þeistareykjum mun óhjákvæmilega leiða til mikillar uppbyggingar á norðausturhorninu. Þetta eru „megatrendin“ í íslenskum þjóðarbúskap á næstu áratugum. Umhugsunarefni fyrir fjárfesta!“, segir Styrmir ennfremur.



Mjólkurstöðin á Ísafirði.

## Mjólkurvinnslu hætt á Ísafirði?

Ákveðið hefur verið að leggja af mjólkurvinnslu hjá Mjólkur-samsölnni (MS) á Ísafirði samkvæmt heimildum Bændablaðsins. Þar verði þó áfram rekin starfsstöð í formi söfnunarstöðvar fyrir mjólk á svæðinu og dreifingarmiðstöðvar fyrir vörur MS á Vestfjörðum. Frá vordögum hefur öll mjólk af svæðinu verið flutt til Búðardals til vinnslu og engin vinnsla eða pökkun hefur verið á Ísafirði. Ástæðan var sögð sú að bæði ætti að létta starfsemi yfir sumarleyfistímann og eins ætti að fara yfir vélakost starfsstöðvarinnar og meta framtíð hennar. Ákvörðun um framhaldið yrði síðan tekin í haust.

Einar Sigurðsson forstjóri MS segir í samtali við Bændablaðið að hann geti ekki staðfest að svo stöddu að vinnslu mjólkur verði

hætt á Ísafirði. „Það er alveg ljóst að við höfum haft starfsemi á Ísafirði til skoðunar og við höfum gefið því svigrúm út þennan mánuð að komast að endanlegri niðurstöðu um fyrirkomulagið. Við höfum ekki pakkað mjólk þar frá því í byrjun júní. Sú pökkun sem var þar var orðin mjög lítil, við keyrðum pökkun hluta úr degi þrjú daga í viku. Frá því í byrjun júní höfum við flutt mjólkina til Búðardals en vörur vestur frá Reykjavík. Þar er engin breyting á, þessar ferðir voru þegar í gangi og magnið sem þurfti að bæta við var það lítið að það var bara hægt að bæta því á bílana. Dreifingin á Vestfjörðum er því núna eins og á sunnanverðum Vestfjörðum, á Austfjörðum og víðar.“

Einar segir jafnframt að ekki

sé hagkvæmt að halda áfram mjólkurpökkun á Ísafirði. „Það er meðal annars vegna þess að við þurfum að kynda upp gufukatla með olíu til að halda úti pökkuninni og það er mjög dýrt. Það er ljóst að við ætlum ekki að loka á Ísafirði. Þarna verður að minnsta kosti söfnunar- og dreifingarmiðstöð hvað sem gerist annars. Það verður engin breyting á mannhaldi frá því sem nú er ef að vinnslu verður hætt. Það eru þarna tvö til þrjú stöðugildi og það verða ekki gerðar frekari breytingar á því.“ Bæjaryfirvöld í Ísafjarðarbæ hafa farið þess á leit við MS að skoðað verði að koma upp annarri starfsemi á hjá fyrirtækinu en mjólkurpökkun.

Það hefur valdið óánægju á Ísafirði að í nóvember á síðasta ári var svokallaður millilager

lagður niður þar og fer dreifing nú þannig fram að vörur koma eftir pöntunum úr Reykjavík tvisvar í viku. Hafa neytendur á Vestfjörðum orðið varir við skort á vörum MS í búðum og kvartað undan því. Bónus á Ísafirði er langstersti viðskiptaaðili MS á svæðinu. Guðmundur B. Sverrisson verslunarstjóri vísaði á Guðmund Marteinson forstjóra Bónuss þegar Bændablaðið hafði samband við hann og grennsláist fyrir um málið. Guðmundur Marteinson segir klárt að dregið hafi úr þjónustu MS á svæðinu eftir að millilagerinn var lagður niður. „Það hafa dálítið verið að misfarast pantanir en það er nú engin katastrofa svo sem. Það er ekki hægt að bjarga sér ef pantanir misfarast eftir að millilagerinn var lagður niður. Áður var

hægt að fá vörur fimm sinnum í viku og með góða dagsstimpla en nú eru vörur aðeins afgreiddar tvisvar í viku. Við verðum svo sem bara að vanda enn frekar til pantana hjá okkur en það er alltaf til trafala þegar þjónustustig minnkar.“

Einar Sigurðsson segir ljóst að það þurfi að eiga sér stað samtali milli verslunarinnar og aðila á Vestfjörðum annars vegar og MS hins vegar til að leysa þá hnökra sem upp hafi komið. „Við þurfum bara að finna lausn á þessu í sameiningu og hjálpast að við það. Það hefur okkur tekist alls staðar annars staðar í landinu þar sem breytingar hafa verið gerðar á fyrirkomulagi dreifingar. Okkar markmið er að allir Íslendingar hafi góðan aðgang að vörum MS hvar á landinu sem þeir eru.“




# Ali grísakjöt

## -sem þú getur treyst



LÉTTREYKTAR HUNANGS GRÍSAKÓTILETTUR Í BARBEQUE SÓSU



LÉTTREYKTAR HUNANGS GRÍSAKÓTILETTUR



Sólin skín yfir höfninni á Ísafirði þegar blaðamaður kemur auga á skútuna Auroru sem liggur þar bundin við bryggju. „Það er auðvelt að finna hana,“ hafði Sigurður sagt í símann. „Það er fullt af kajökum og dóti ofan á dekkinu. Ég er að taka til eftir sumarid.“ Ég finn hann ofan í bátum þar sem hann stendur framan við gaseldavél og er að sjóða vatn í kaffi. Sigurður Jónsson, skipstjóri Auroru reynist úttekinn, skeggjaður og með rauða húfu. Í raun alveg eins og maður ímyndar sér að sægarpur líti út. Hann býður upp á hrogn en blaðamaður segist nýbúinn að borða. Síðan tyllum við okkur niður innan um björgunarvesti, veiðistangir og dótið sem Sigurður er enn að endurreða eftir síðustu Grænlandsferð. Við súpum á neskaffi og blaðamaður byrjar að rekja úr honum garnirnar.

„Ég var nýfluttur heim ásamt fjölskyldu frá Kanada og enn að gera upp við mig hvað ég ætlaði að taka mér fyrir hendur þegar ég hitti fyrri eigendur Auroru hér á Ísafirði. Þeir buðu mér og Rúnari Karlssyni, félagamínunum, óvænt að kaupa hana og ég varð ansi heitur. Ég hafði átt skútu sjálfur, verið í skíða- og fjallaferðum og stundum velt fyrir mér hvort það væri hægt að lifa af einhverju svona. Þetta var sumarið 2005 og þótt ekkert væri handsalað þá fórum við félagarnir að skoða af alvöru hvort það væri raunhæft að ætla sér að gera út skútu héðan. Þegar við höfðum velt þessu vel fyrir okkur varð niðurstaðan sú að sennilega myndi þetta ekki setja okkur á hausinn. Við gerðum tilboð í skútuna þá um haustið, náðum samningum og sóttum hana næsta vor.“

Sigurður segir þá félagi ekki hafa verið sérstaklega upptekna af þessari tilteknu skútu til að byrja með. „En þegar við fórum að skoða þetta betur kom í ljós að Aurora hentaði okkur alveg sérstaklega vel. Þetta er stór skúta miðað við verð enda frekar hrá að innan. Hún hafði verið notuð í kappsiglingar og innréttuð þannig að það er mikið kojupláss sem er óvenjulegt í svona skútu. Yfirleitt eru í þeim stórir borðsalir og þess háttar. Tilboðið var því gott. Fyrri eigendur höfðu líka boðið upp á Grænlandssiglingar en voru tilbúnir til að hætta og vísa frekar á okkur. Þannig fylgdi von um smá business með í kaupunum. Þótt það hafi ekki endilega gengið eftir höfum við alltaf verið í góðu sambandi við þá.“

Tveimur dögum eftir að skútan kom hingað heim fóru þeir félagar Sigurður og Rúnar í fyrstu ferðina. „Síðan hefur verið stöðug aukning hjá okkur og bara gengið vel. Þótt við höfum reyndar ekki enn náð að kaupa Land Cruiser á alla línuna. En við höfum haft vinnu á sumrin og undanfarið hefur verið að teygjast á

tímabilinu.“

## Tími til að stökkva

Sigurður glottir þegar hann segist vera „eindreginn“ Ísafirðingur og kominn af Ísafirðingum langt aftur í báðar ættir. Hann gekk í Menntaskólann á Ísafirði en síðan lá leiðin Danmerkur. „Ég var þar í fjögur ár og lærði skipatæknifræði en kom svo heim og vann í slippnum ásamt því að kenna stærðfræði hér í menntaskólanum. Það endaði svo með því að ég rak skipasmíðastöðina í nokkur ár. Næst fór ég að vinna hjá 3X-Stál og í tengslum við það hélt ég til St. Johns í Kanada til að setja upp dótturfyrirtæki. Það var ársverkefni en þegar við fjölskyldan vorum nýflutt heim aftur bauðst mér vinna hjá einum af bestu kúnum 3X þarna úti. Þeir voru að sameina tvö stór fyrirtæki og forstjórann vantaði innanhúsráðgjafa og aðstoð við að endurskipuleggja útgerð þeirra fyrirtækja. Þetta er togaraútgerð og gríðarstór, miklu stærri en íslensku útgerðirnar og var mjög spennandi verkefni. Það átti nú líka að vera tímabundið en eitt-hvað teygðist á því. Ég var ráðinn framkvæmdastjóri útgerðarinnar og við enduðum á að vera í Kanada fjögur ár. Þótt við kynnum vel við okkur þarna og vinnan gengi vel vorum við samt alltaf á leiðinni heim. Krakkarnir voru að komast á unglingsár og undir lokin var öll fjölskyldan sammála um að snúa aftur heim til Íslands.“

Þótt Sigurður hafi ekki verið viss um hvað hann ætlaði sér að gera á Íslandi sat hann ekki auðum höndum. „Ég tók heim með mér talsvert af verkefnum í lausamennsku fyrir Kanadamennina. Þetta voru verkefni tengd rekstrinum, tæknimálum og allskyns lögfræðimál sem þeir voru að reka þarna úti. Ég vann fyrir þá hér yfir veturna alveg þar til í fyrra. Þá fann ég hvað ég hafði fjarlægst þennan heim og hugsaði með mér að annaðhvort yrði ég að fara aftur á fullt í sjávarútveginum eða einbeita mér að skútunni. Á endanum ákváð ég að veðja frekar á það sem er verr borgað en skemmtilegra. Þótt þessi vetrarverkefni gæfu góðan pening fannst mér réttast að hætta áður en þeir föttuðu að ég var aðeins farinn að slappast í þessu. Maður er heldur ekki trúverðugur ráðgjafi í einhverju ef maður gefur sig bara að hálfu leyti í það.“

Sigurður sér ekki eftir þessari ákvörðun sinni. Borea Adventures gengur vel og siglingatímabil Auroru var nánast fullnýtt þetta sumarið. „Fyrst og fremst hefur uppbygging Borea snúist um að reyna að nýta tímabil skútanar eins vel og mögulegt er. Við byrjum tímabilið á skíðaferðum á Jökulfjörðum í apríl og maí en þá taka við nokkurskonar sumarferðir um Djúpið. Síðan

förum við tvær ferðir til Jan Mayen og undir lok júlí höldum við til Grænlands og erum þar í ferðum fram í miðjan september. Þannig að tímabilið er nú orðið hálf táknað og ef við náum góðri nýtingu höfum við tvö ársverk út úr bara skútunni. En til að styrkja rekstur Borea enn frekar erum við líka byrjaðir að bjóða ýmiskonar dagsferðir og lengri ferðir héðan frá Ísafirði og erum með fasta starfstöð hér þar sem voru fjórir til fimm starfsmenn í sumar. Ég var á skútunni meira og minna í allt sumar en Rúnar var staðsettur hér og stjórnaði þessum hluta fyrirtækisins. Þetta er starfsemi sem hefur ekki mikinn fastakostnað, utan við laun. En nú bjóðum við allt árið upp á kajakferðir, snjóhúsaferðir og ýmiskonar gönguferðir. Þetta hefur farið vel af stað en auðvitað tekur tíma að byggja svona upp.“

Hann segir lítið mál að bjóða upp á skútuferðir í skammdeginu til að lengja tímabil Auroru enn frekar þá verði fólk að vera tilbúið í vond veður. „Við lendum auðvitað líka í vöndum veðrum á vorin en liggjum þá einhversstaðar og bíðum það af okkur. Sumum finnst það reyndar mjög spennandi. Á veturna verða veðrin samt enn harðari og áhættan er meiri. Það væri líka mögulegt fyrir okkur að sigla bara í suður á haustin og stoppa ekki fyrr en smjörrið byrjar að bráðna. En þá er maður kominn á ódýrari slóðir og í flóknari samkeppni. Við yrðum líka að vera komnir aftur til Íslands í mars en það getur tekið mánuð að berjast hingað uppeftir á skútu í gegnum veðrin í febrúar.“

## Hættur og hrakfarir

Aðspurður hvort Jan Mayen og Grænland séu ekki varasamar siglingaleiðir, brosir Sigurður og svarar yfirvegaður: „Jú, þetta er náttúrulega verstu staðir í heiminum til að sigla skútu. En nú til dags eru veðurspár orðnar svo góðar að allt hefur gjörbreyst. Það sem til dæmis hefur opnað á smábátaútgerð á Íslandi eru hraðbátarnir sem finnast nú allt í kringum landið og miklu nákvæmari veðurspár. Þegar ég var að alast upp hérna á Ísafirði fórust fleiri sjómenn á hverjum einasta vetri. Það var nánast lítið á það sem nauðsynlegan toll til hafans. Dauðsföll á sjó eiga sér betur fer mjög sjaldan stað núna og það er mikið til að þakka betri veðurspám. Við siglum aldrei út á skútunni í kolvitlaust veður. Auðvitað getum við lent í skítaveðri en við förum aldrei út í storma ef við komumst hjá því.“

Þau sex ár sem Sigurður hefur siglt Auroru segir hann hafa gengið að mestu slysalaust, þar til síðastliðið vor. „Það var í fyrsta skipti sem við lentum í óhappi sem við náðum ekki að klára okk-



# „Alltaf þó

ur almennilega út úr. Við fórum í lok mars norður á Dalvík, tókum þar hóp af Svíum og lögðum svo af stað til Jan Mayen. Það var náttúrulega bræla á leiðinni og ísing á bátinum en siglingin gekk ágætlega. Þegar við komum að Jan Mayen sem er opin á alla kanta var brjálað brim og hvergi skjól. Við náðum samt að sæta lagi svo allir komust á land og gátu haldið á stórt eldfjall þarna sem þykir spennandi að skoða. En svo þegar við ætluðum að halda til baka var skolið á svona agalegt leiðindaveður á Íslandi. Það var ekki orðið það slæmt á Jan Mayen en von á krappri lægð. Við flýttum okkur að ná öllum um borð, ákváðum að bíða í lítilli vík þarna á meðan lægðin gengi yfir en hendast svo til Íslands og sigla eins og druslan drægi. Það var nefnilega von á annarri lægð og því var annaðhvort að gera

þetta svona eða bíða í fjóra daga til viðbótar þarna við Jan Mayen.

Um nóttina snérist vindurinn okkur að óvörum og skyndilega láum við í brimskafla þarna í víkinni. Það endaði með því að akkerið slitnaði og við rétt náðum að sigla út áður en við rákum upp í fjöru. Og þá var ekkert annað að gera en að stíma til Íslands í þessu skítaveðri. Það reyndar skánaði um miðja leið en við vissum að það átti að versna aftur við Ísland og ákváðum að fara stystu leið heim, til Húsavíkur. Þegar við vorum að koma inn á Skjálfaflóann skall á okkur þetta snarvitlausa veður eins og smellt væri fingri. Þetta sama veður og feykta flugskýlið í Keflavík í apríl síðastliðnum. Reyndar fór ekkert illa um okkur um borð en við bara komumst ekkert áfram. Því buð-



# Þótt gaman úti að leika“

ust þeir hjá Norðursiglingu á Húsavík til að koma á móti okkur á hvalaskoðunarskipi og draga okkur að landi. Þeir tóku okkur í tog og við náðum að auka hraðann úr einni mílu í þrjár. En þegar við vorum að losa á milli bátanna í myrkri og hávaðaroki fyrir utan höfnina á Húsavík fengum við spottann í skrufuna. Við það kom slinkur á bátinn hjá þeim svo að maður féll fyrir borð en annar klemmdi fótinn í tóginu og fótbrotnaði alvarlega. Þá vorum við orðnir hálf bjargarlausir því að við gátum ekki keyrt vélina með tógid í skrufunni. Sömu leiðis voru þeir á hvalaskoðunarskipinu með mann í sjónum og annan fótbrotninn og gátu ekki snúið aftur til að taka okkur í tog. Við hífðum því upp eitt segl og ætluðum að sigla inn í höfnina. Hinsvegar náðum ekki eins og langt inn og við ætluðum, enda

enn með langt tóg í eftirdragi sem hægði á okkur. Við enduðum því upp í grjóti og skútan skemmdist það mikið að hún fór í slipp.“

Sigurður sýpur á kaffinu og verður hugsí. „Þetta var náttúrulega óhapp og hefði þessvegna geta komið fyrir um sumar. En ég vil meina að við förum alltaf mjög varlega og tökum aldrei óþarfa óhættu. Þetta er fyrsta alvarlega slysið sem höfum lent í á sex árum þótt við höfum auðvitað rekið kjölinn niður áður og margsinis lent í skítaveðri.“

Sigurður segist ekki beint smeykur við náttúruöflin enda séu mestu hætturnar við skútu-siglingar í raun aðrar. „Ég held að mestu hætturnar séu oft um borð í bátnum. Að það komi leki að honum eða kvikni í. Ég er alltaf smeykari við eitthvað svolleiðis en náttúruöflin. Þau eru eitthvað sem maður reynir að



Sigurður ásamt föður sínum Jóni Ólafi og syninum Hauki við strendur Grænlands.

vinna með og ber auðvitað mikla virðingu þótt maður geti ef til vill aldrei ráðið fullkomlega við þau. Það er ekkert að því að vera í brjáluðu veðri úti á ballarhafi. Svona skútur eru betri sjóskip en mótorbátar af svipaðri stærð. Það er mjög erfitt að hvolfa þeim eða sökkva. Aftur á móti er hættulegt að vera í vondu veðri nálægt landi þar sem er hætta á að reka upp í fjöru eða þá þar sem maður getur ekki legið við akkeri.“

Sigurður hefur einu sinni orðið var við hvítaljón. „Hann var nú bara syndandi við hliðina á skútunni og hélt svo frekar ólundarlega í burtu. Hvorki flýtti sér á brott né sýndi okkur sérstakan áhuga. Því miður sjáum við ekki nógu mikið af þeim.“

Hann segist ekki muna til þess að hafa orðið beinlínis hræddur á siglingum sínum. „En ég er alltaf rosalega spennur. Kannski er það bara sama tilfinning. Ég verð alltaf jafn spennur fyrir þessar úthafsferðir. Spyr mig hvernig veðrið verði, hvort báturinn verði í lagi, hvort ég sé nokkuð að gleyma einhverju. Er eins og hengdur upp á þráð. Hingad til hef ég aldrei lent í neinni paník situásjón. Bara þessari spennu en hún er líka hluti af þessu.“

## Grænland er óviðjafnanlegt

Á ferðum Auroru eru bara tveir í áhöfn. Sigurður segist allt í senn



## Deiliskipulag fyrir Tröllenda í Flatey

Hreppsnefnd Reykhólahrepps samþykkti á fundi sínum 8. september 2011 að auglýsa samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að deiliskipulagi fyrir Tröllenda í Flatey.

Skipulagsuppdráttur með greinargerð og umhverfisskýrslu liggur frammi á skrifstofu Reykhólahrepps frá 22. september til 5. nóvember 2011. Ennfremur verða gögnin aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins á vefslóðinni [www.reykholar.is](http://www.reykholar.is). Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu Reykhólahrepps að Mariutröð 5a eða á netfangið [skrifstofa@reykholar.is](mailto:skrifstofa@reykholar.is) fyrir 5. nóvember 2011 merkt „Deiliskipulag fyrir Tröllenda í Flatey“. Deiliskipulagið fyrir orlofshúsasvæði 1 sem samþykkt var af skipulagsstjóra ríkisins 18. desember 1992, fellur úr gildi við gildistöku nýja deiliskipulagsins.

**Skipulagsfulltrúi Reykhólahrepps.**

skipstjóri, vélstjóri og kokkur en svo sé alltaf leiðsögumaður eða stýrimaður með líka. Mikið er lagt upp úr góðum mat og að allir settjist saman niður við borð eftir ævintýri dagsins. En hvernig fólk sækir í svona ferðir? „Það er í raun mjög fjölbreyttur hópur. Fyrst og fremst fáum við fólk sem hefur áhuga á útiveru þótt það sé ekki endilega afburða skíðamenn eða kajakraðarar. Þeir sem virðast hafa mest gaman af ferðunum er fólk sem hefur reynslu af útivist og er ekki að stressa sig þótt hlutirnir séu ekki nákvæmlega eftir áætlun, heldur getur jafnvel setið endalaust hér uppi á dekki og horft í kringum sig. Þetta getur verið fólk á öllum aldri. Í fyrra fengum við hóp í tveggja vikna kajakferð þar sem meðalaldur var í kringum sjötugt. Einn var 82 ára. Hann kom aftur núna í sumar ásamt konunni, börnunum og barnabörnunum. Það er ekkert vandamál fyrir þennan karl að róa 20-30 kílómetra á dag. Aftur á móti er hann stundum svo stirður eftir daginn að við urðum að finna upp sérstaka aðferð til að ná honum úr bátinum á kvöldin.“ segir Sigurður og brosir með sjálfum sér.

„Í þessum ferðum hefur fólk ekki minna gaman af að velta fyrir sér stöðunum, manninum í náttúnni. Hvað þeir eru að veiða, karlamir á Grænlandi. Hvernig fólk fór að því búa á Hornströndum. Ætli megi því ekki segja að við séum að einhverju leyti menningartengd ferðapjónusta. Tilvilj-

un hefur svo ráðið því að af útlendingunum sem koma til okkar eru flestir frá Ameríku og Kanada. En Íslendingar eru að kveikja á þessu og farnir að sækja í skíðiferðirnar okkar á vorin.“

Sjálfur er Sigurður ekki minna úvistarfrí en viðskiptavinirnir og hefur meðal annars hent sér út úr flugvélum og gengið á fjallið Mont Blanc. „Ég hef líka farið í einhverjar klifurferðir í Ölpunum og klifra talsvert mikið í ís. En fallhlífarstökkið var bara eitt-hvað fíkt. Mér finnst gaman að prófa hitt og þetta og vera úti að leika mér. Og ég sé ekki alltaf muninn á því sem ég er að fást við í dag og því þegar ég var úti að leika mér sem krakki. Afi sem er rúmlega níraður ára hefur alla tíð verið mikill skíðagarpur og pabbi átti alltaf einhverja báta, trillur eða skútur. Ég tók auðvitað þátt í þessu með þeim og var því mikið á sjó og fjöllum“

Uppáhaldsstaður Sigurðar er Jökulfirðir og segir það að sigla þangað eins og að koma heim. „En Austur-Grænland er stórkostlegasta umhverfi sem ég kemst í. Og vanmetinn staður að mörgu leyti. Einu sinni fór ég sem stýrimaður á skútu til Suðurskautslandsins en þangað koma um 30 - 40 þúsund ferðamenn á ári. Fyrir mér kemst umhverfið þar samt ekki í hálfkvæmi við austurströnd Grænlands þar sem landslagið er algerlega magnað. Allt er svo stórt, há fjöll, risastórir borgarísjakar og hundrad kílómetra djúpir firðir. Auk þess sem þetta er svo stutt í burtu. Siglingin frá Ísafirði til austurstrandar Grænlands er næstum upp á mílu jafn löng og siglingin til Reykjavíkur. Um 15 tímum eftir að maður siglir af stað héðan byrjar maður sjá fjöllin á Grænlandi og er kominn í allt annan heim eftir þrjátíu tíma.“

## Feðgar á ferð

Á yngri árum fór Sigurður víða á togurum og fragtskipum auk þess sem hann hefur siglt á skútum í ýmis horn heimsins. En á hann sér eitthvað draumaferðalag? „Nei, ekkert eitt. Þó á ég enn eftir að fara og sigla þar sem er heitur sjór og sólin skín. Reyndar hef ég farið til Azoreyja og man hvað mér fannst óþægilegt þegar volgur sjórinn var að skvettast á mig. Svólftíð eins og ég væri að pissa á puttana á mér. Fyrir mér er ekki lengur mikilvægt að fara sem lengst eða víðast. Með tímanum fer maður að verða uppteknari af dýptinni en því. Til dæmis finnst mér gaman að kynna Grænlandi stöðugt betur og halda áfram að læra á náttúruna, menninguna og söguna. Líklega eru þetta ellimerki,“ segir Sigurður og glottir.

Sonur hans, Haukur, virðist hafa erfitt flökkueðli föður síns og þeir feðgar eyddu sumrinu saman



Skútan Aurora við strönd Grænlands. Ljós: Haukur Sig.



Kulusuk á Grænlandi. Ljós: Haukur Sig.



Sigurður siglir við strönd Grænlands. Ljós: Haukur Sig.

á Grænlandi. „Ég hef nú ekkert verið að ýta á hann að gerast einhver flakkari en hann er löngu búinn að slá mér við. Hann ákvað svo að verða mannfræðingur sem ég held nú að ungt fólk fari í vegna þess að það langar til að ferðast. Hann er núna í Tromsø í Noregi, í mastersnámi sem er sambland af heimildamyndagerð og mannfræði svo að þar getur hann sameinað áhugann á því að ferðast og taka myndir.“

## Nóg framundan

Nú þegar tímabilinu er að ljúka tekur við viðhald á skútunni og að skipuleggja næsta ár. „Við þurfum að klára að afgreiða og staðfesta pantanir fyrir næsta vor. Fara í gegnum tölvupósta og annað sem sat á hakanum í sumar. Búa til nýja ferðapakka fyrir þá sem eru að selja fyrir okkur. Síðan fara svona tvær vikur í að

þrifa skútuna og ganga frá um borð. Og þá er að kíkja á óskalistann yfir hvað okkur langar til að gera í bátinum. Það ákvarðast náttúrulega í samræmi við hvað er til af peningum eftir sumarið. Ég reyni að sinna viðhaldi og sjá um breytingar sjálfur. Sú vinna tekur yfirleitt um tvo mánuði og þá liggur nú eiginlega við að það sé aftur komið sumar. Það er því ekki mikil dauður tími í kringum bátinn. En í vetur ætlum við líka að setja meiri kraft í að koma dagsferðunum á framfæri.“

Sigurður þagnar og lítur hugsi yfir dótið hér og hvar í skútunni. „Ég er búinn að gera mínu skyldu í sjávarútveginum og kvaddi hann með góðri samvisku. Nú er að halda dampi í þessu. Gangi menn með svona hugmyndir í maganum er annaðhvort að kýla á þær af fullum krafti, eða gleyma þeim,“ segir Sigurður.

– Huldur Breiðfjörð.

# GÆÐI Á GÓÐU VERÐI

SAMSUNG hlaut fjögur EISA VERÐLAUN 2011-2012 fyrir framúrskarandi framleiðslu.

Ein þessara verðlauna voru veitt fyrir **þetta sjónvarp**:  
**BESTU KAUPIN** – „Gæði á góðu verði“

EISA: The European Imaging and Sound Association



SAMSUNG

SAMSUNG  
SJÓNVÖRP  
6500 LÍNAN

Stærðir:  
32"  
40"  
46"  
55"

## SAMSUNG SJÓNVARP LED · 3D · SMART TV


- Clear Motion Rate: 400 Hz
- Upplausn: 1920 x 1080p FULL HD
- Skjár: Ultra Clear
- Skerpa: Mega
- AllShare: Auðveld samskipti Samsung tækja
- USB: Movie, kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist
- Upptökumöguleiki: Já, tekur upp sjónvarpsútsendingu á utanálggjandi harðan disk
- Netvafi: Já
- Social TV: Já, horfðu á sjónvarp og vertu á Facebook You Tube, Flickr, Skype ofl.
- Sjónvarpsmóttakari: Digital, Analog og gervihnatta
- Tengingar: 4xHDMI, 3xUSB Movie, 1x Scart, Komponent, Komposit, LAN, heyrnartöl
- Val um svarta eða hvíta umgjörð/ramma (55" stærðin enn sem komið er bara til svört)

## SAMSUNG SMART TV veit allt um kvikmyndir, þætti og forrit

Samsung færir þér framtíðina með 6500 LED SMART TV.

Smart TV færir þér það besta sem sjónvarp hefur upp á að bjóða í dag. Þú getur núna notað Internetið að fullu í sjónvarpinu með nýjum möguleikum eins og Search All. Þar getur þú leitað að allskonar sjónvarpsefni og fréttum á netinu. Hægt er nálgast allt þitt efni á þínu eigin heimaneti, t.d. sækja tónlist frá síma eða kvikmyndir frá tölvu beint í sjónvarpið. Endalausir möguleikar með Samsung TV Forritum en þar er t.d. boðið upp á Facebook, Skype, Picasa o.mfl.

SAMSUNG LED 6500 er tilbúið til að gera alla skemmtun og samskipti í sjónvarpi **enn skemmtilegri!**



Komdu og gerðu **BESTU KAUPIN!**

# PRISTUR

// HAFNARSTRÆTI 12 · ÍSAFIRÐI · SÍMI 456 4751

ORMSSON

KVÍKA



# Vilja fagráð um starfsemi safna

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur lagt til að stofnað verði fagráð safna í sveitarfélaginu. Í tillögum bæjarstjóra kemur fram að fagnefndin verði skipuð fimm fagaðilum sem myndu hittast tvisvar til fjórum sinnum á ári til að ræða starfsemi safna í bænum og móta framtíðarsýn þeirra. Daníel Jakobsson bæjarstjóri segir mikilvægt að sveigjanleiki sé í rekstri safnanna til að gera þau hagkvæm

en jafnframt ættu þessir aðilar að hafa stuðning hver af öðrum í faglegu starfi.

Óskað hefur verið eftir því við meðeigendur Bygðasafns Vestfjarða að rekstur safnsins verði færður til Ísafjarðarbæjar. Bókhald, greiðsla reikninga og áætlunargerð verði færð inn í kerfi bæjarins og fjármálasýsla safnsins verði eins og annarra stofnana hjá bænum. Umsjón með Lista-

safni Ísafjarðarbæjar verði falin forstöðumanni safnamála hjá bænum í samráði við stjórn safnsins. Hún geti falið öðrum að sjá um sýningarhald. Annað verði óbreytt en hvatt verði til sjálfstæðis deildarstjóra þó með það í huga að starfsmenn ólíkra eininga geti flust á milli eins og verið hefur.

Í minnisblaði bæjarstjóra kemur fram að söfnin sem um ræðir,

að Listasafninu undanskildu, eigi að heita héraðssöfn sem þýðir að þau eigi að þjóna stærra svæði en einvörðungu Ísafjarðarbæ. Í sameiginlegri umsögn Jónu Símoníu Bjarnadóttur, forstöðumanns Safnahússins, Eddu Bjargar Kristmundsdóttur, deildarstjóra héraðsbókasafnsins og Jóns Sigurpálssonar, forstöðumanns Bygðasafns Vestfjarða, segir að vænlegt sé að hafa eina stjórn

yfir söfnunum með áherslu á fagmennsku. Þá er lagt til að Gamla sjúkrahúsið hafi umsjónarmann sem eitt af þremur menningarhúsum Ísafjarðarbæjar.

Í minnisblaði bæjarstjóra segir jafnframt að Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur hafi samþykkt að koma að rekstri Bygðasafnsins að nýju árið 2005 eftir reglulegar samningaviðræður til nokkurra ára en sveitarfélögin tóku þátt í stofnun safnanna á sínum tíma. „Þar sem Ísafjarðarbær fer með fjárhagslega ábyrgð á safninu væri æskilegt að fjárhagsleg umsýsla væri á okkar könnu. Þ.e. bókhald væri fært hér og reikningar greiddir af bænum og það ferli væri eins og hjá öðrum stofnunum bæjarins. Við það myndi einnig sparast nokkurt fjármagn,“ segir bæjarstjóri.

Hins vegar er rekstur Bæjar- og héraðsbókasafnsins, ljósmyndasafnsins og skjalasafnsins alfarið á höndum Ísafjarðarbæjar en á móti kemur árlegt fjárframlag frá ríkinu sem er þó aðeins brot af kostnaði við rekstur safnanna. Engin stjórn er yfir þessum söfnum sem falla þar af leiðandi beint undir bæjarráð.

– thelma@bb.is

## Dampskipið Ísland á siglingu

Æfingar eru hafnar á leikritinu Dampskipið Ísland sem Litli leikklúbburinn á Ísafirði setur upp í Edinborgarhúsinu í vetur. Áheyrnarprufur fóru fram í lok ágúst og gengu vel að sögn Halldóru Björnsdóttur, leikstjóra. Fjöldi fólks mætti og valinkunnur maður kominn í flest hlutverk. Aðalhlutverkið leikur Berglind Halla Elíasdóttir en hún leikur Tinu Larsen, unga stúlku sem er á leið heim til Íslands. Fyrirmynd Tinu er söngkonan Engel Lund, eða Gagga eins og hún var köllu-

uð. Gagga var dóttir apótekarar og flutti ellefu ára gömul til Danmerkur. Leikritið fjallar um ferð Tinu til Íslands og gerist um borð í farþegaskipi. Leikritið gerist á millistríðsárunum, svokölluðu Charleston tímabili. „Allt starf í kringum leikritið er komið í fullan gang og mikil gleði ríkir í leikhópnum,“ segir Halldóra.

Tólf manns fara með hlutverk í leikritinu en fyrir utan hlutverk Tinu þá eru önnur hlutverk ansi jöfn og allir meira eða minna á sviðinu allan tímann. Ekki er búið að ráða í öll hlutverk. „Okkar

vantar ennþá einn óperusöngvara og annan til að leika skipstjóra en hann þarf að vera fær í dönsku eða tala með góðum dönskum hreim, þá telst hann fær. Ég óska hér með eftir að þessum aðilum,“ segir Halldóra og hlær við.

En það eru ekki aðeins leikarar sem koma að verkinu. Gott fólk fékkst í allar deildir, bæði í hár, förðun og sviðsetningu. „Það er mikið af kraftmikið fólki sem vinnur með okkur. Við höfum fengið töluvert af nýju fólki sem er góð viðbót við kjarnann í hópnum. Stefnt er að frumsýningu

21. október og áformað er að sýna leikritið út nóvember en svo verður séð til með framhaldið,“ segir Halldóra.

Ýmislegt fleira er í bígerð hjá Litla leikklúbbinum á komandi leikári. Hópurinn stefnir á að halda í leikferð með Dampskipið Ísland og segir Halldóra að ýmsar samningaviðræður séu nú í gangi varðandi ferðina. Þá verður Bandalag íslenskra leikfélaga með vorþing á Ísafirði. Hefð er fyrir því að gestgjafar sýni leikverk í tengslum við þingið.



## Bifreið hafnaði í höfninni

Lítill sendibifreið hafnaði í Bolungarvíkurhöfn á föstudag. Ökumaðurinn hafði stöðvað bílinn við hafnar-kantinn hjá flotbryggjunum og yfirgefið hann til að spjalla við gangandi vegfaranda. Svo virðist sem ökumaðurinn hafi gleymt að setja bifreiðina í handbremsu því hún rann mannláus fram af hafnar-kantinum og steypist í höfnina.

Fjöldi fólks fylgdist með þegar bíllinn var dreginn upp á þurrt land á ný. Rétt er að taka fram engin slys urðu á fólki við óhappið.

## Óbreyttur opnunartími

Breyttur opnunartími safna á Ísafirði hefur gefist vel í sumar að sögn forstöðumanns Safnahússins. Hefur því verið óskað eftir heimild til að hafa þann tíma áfram í vetur. Bæjarráð tók erindið fyrir á síðasta fundi og samþykkti beiðnina.

Frá 1. júní hefur verið opið alla virka daga kl. 13-18 eða klukkutíma skemur en áður var. Opið er sem fyrr á laugardögum milli kl. 13-16. Í Safnahúsinu, sem í daglegu tali er kallað Gamla Sjúkrahúsið á Eyrartúni á Ísafirði, er bókasafn, skjalasafn, ljósmyndasafn og listasafn. Þar er aðgangur að Internetinu og ýmsar sýningar uppi að öllu jöfnu.

## Ein milljón í aukaframlag

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að veita Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar eina milljón króna aukafjárveitingu á þessu ári. Samkvæmt samningi styrkir Ísafjarðarbær skólann um 4,7 milljón króna á ári.

Listaskólinn er með starfsemi í Edinborgarhúsinu á Ísafirði og býður upp á fjölbreytta kennslu í listgreinum, eins og dansi, myndlist og tónlist. Segir í minnisblaði bæjarstjóra að rekstur skólans hafi verið þungur og skuldir safnast upp.

# Leigumarkaðurinn stendur í stað

Svipuð staða er á leigumarkaði í ár miðað við síðasta ár þó sjá megi smávægilega fækkun þinglýstra leigusamninga. Samkvæmt tölum frá Þjóðskrá er lítil munur á fjölda þinglýstra leigusamninga á Vestfjörðum. Fyrstu átta mánuði þessa árs voru samningarnir að meðaltali 4,5 á móti 5 á sama tímabili í fyrra sem svarar til 10% fækkunar.

Á höfuðborgarsvæðinu voru að meðaltali 534 leigusamningar þinglýstir á fyrstu átta mánuðum ársins samanborið við 565 samninga í fyrra. Ef lítið er á landið í heild, hefur þinglýstum leigusamningum fækkað um rúm 3%. Á landinu öllu voru þinglýstir leigusamningarnir að meðaltali 808 fyrstu átta mánuði ársins en voru 834 í fyrra.

— asta@bb.is



# Óljós verkefnastaða eftir áramót

„Ég trúi því að sá kvóti sem við höfum og þeir samningar sem við höfum gert, gefi okkur nóg til að klára árið og vonandi einhver verkefni á nýja árinu. Hins vegar hefur verið á íslenskum hráefnismörkuðum og óvissa í kvótakerfinu sett framtíð fyrirtækisins í þónokkra óvissu. Íslenski hráefnismarkaðurinn gefur ekki rétta mynd af erlendum mörkuðum,“ segir Óðinn Gestsson, framkvæmdastjóri Fiskvinnslunnar Íslandssögu ehf., á Suðureyri. Óðinn segir erfitt að vera á fiskmarkaði þar sem framboð er lítið, það sé ávísun á hátt

verð og markaðurinn erlendis sé ekki tilbúinn að kyngja því verði sem fiskvinnslur þurfa fyrir afurðir sínar.

Fiskur er of dýr á Íslandi til að selja hann erlendis. Þá hefur óvissan í kvótakerfinu leitt til þess fyrirtækið á erfitt með að fá leigðan kvóta en fyrirtækið gat hér áður fyrir tryggt sér vinnsluafurðir með því að drýgja eigin kvóta. Svo er ekki í dag, og segir Óðinn að vegna óvissunnar um framtíð kvótakerfisins vinna fyrirtæki og menn sjálfir þann leigukvóta sem áður var í boði.

Að þessum sökum var öllum

sjómönnum Íslandssögu sagt upp störfum, eða um tíu manns. Þá var bátum í útgerðinni fækkað um einn, aðeins eru nú gerðir út línubátarnir Gestur Kristinsson ÍS og Kristján ÍS. Segir Óðinn að fyrirtækið stefni að því að selja línubátinn Báru ÍS og strandveiðibátinn Dagrúnu ÍS. Aðrar ástæður eru þó fyrir söluinni á Dagrúnu ÍS, en vegna breytinga á strandveiðilögum mega fyrirtæki ekki eiga strandveiðibáta. Íslandssaga verður að treysta á að fá fisk annars staðar frá til verkunar svo framleiðsla geti haldið áfram. Gerðir hafa

verið samningar við útgerðir í Bolungarvík sem gera út bátana Hrólfr Einarsson ÍS og Lúkas ÍS og að sögn Óðins gengur samstarfið vel.

Óðinn bætir við að þó að menn séu uggandi fyrir veturinn, hafi sumarið gengið vel. Nægt hráefni hafi verið í boði og því næg atvinna fyrir starfsfólk. „Það er öflug handfæraútgerð á Suðureyri og sem við höfum getað nýtt. Þá er það svo að þegar aðrar fiskvinnslur loka þá eykst framboð á fiskmörkuðum og við höfum notfært okkur þau tækifæri,“ segir Óðinn.

— asta@bb.is

## FRAMLEIÐSLUSTJÓRI

Framleiðslustjóri Fossadals er nýtt starf innan fyrirtækisins og mun viðkomandi starfsmaður bera ábyrgð á framleiðslu og gæðamálum í nánú samstarfi við framkvæmdastjóra. Um er að ræða krefjandi starf þar sem krafist er mikils metnaðar.

### Helstu verkefni:

- Framleiðslustýring.
- CAD forritun og keyrsla CNC styrðra framleiðsluvéla.
- Innleiðing gæðakerfis.
- Birgðastýring.
- Þátttaka í hönnun nýrra vörulína.

### Menntun og hæfniskröfur:

- Próf í rennismíði, vélfræði eða verkfræði er mikill kostur.
- Faglegur metnaður, öguð vinnubrögð, stundvísi og reglusemi er krafist.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og hæfileiki til að greina aðalatriði.
- Áhugi á fluguveiði er kostur.

Spennandi starf og góð laun í boði fyrir metnaðarfullan einstakling.

Ef þú hefur áhuga á starfinu þá vinsamlega sendu starfsferilslýsingu ásamt meðmælum til framkvæmdastjóra Fossadals, Steingrím Einarsson - steingrimur@einarsson.com

Fossadalur ehf Sindragata 11 400 Isafjörður s.456 2526

Fossadalur ehf. er ört vaxandi hönnunar- og framleiðslufyrirtæki á Ísafirði sem hannar og framleiðir hágæða fluguveiðihjól á krefjandi markað fyrir fluguveiðibúnað.

Fyrirtækið markaðssetur sínar vörur undir vörumerkinu Einarsson Fly Fishing á alþjóðlegum mörkuðum. Sjá nánar á: [www.einarsson.com](http://www.einarsson.com)



Einarsson fly fishing

# Enn fjölgar skemmtiferðaskipum

Nú þegar hafa 32 skemmtiferðaskip boðað komu sína til Ísafjarðar á næsta ári en með þeim er áætlað að komi um 24 þúsund farþegar. Verður þá slegið metið frá því í ár en heildarfjöldi skemmtiferðaskipa ársins er 31 skip en með þeim komu 21.400 farþegar. Einungis tvö skemmtiferðaskip eiga eftir að koma til Ísafjarðar í ár og verða þau í höfn á sama tíma. Von er á RV Knorr frá Bandaríkjunum 21. september en það mun stoppa á Ísafirði í tvo daga. Skipið er það minnsta sem kemur til Ísafjarðar í sumar, einungis 2.518 tonn og ber 100 farþega. Daginn eftir kemur svo Boudicca sem siglir undir fána Bahamaeyja en það er rúm 28 þúsund brúttótonn og ber 900 farþega.

Skipin sem koma til Ísafjarðar eru af öllum stærðum, allt frá um 2.500 tonnum upp í 114.000 tonn. Með stærsta skipinu komu um 3.000 farþegar. Ísafjarðarhöfn er þriðja stærsta höfn landsins er kemur að móttöku skemmtiferðas-



**Skemmtiferðaskip í Ísafjarðarhöfn.**

skipa. Komur skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar í fyrra voru 30, sem einnig var met, en skipakomur höfðu þá flestar verið 27.

Áætlað er að tekjur Ísafjarðarhafnar vegna komu skemmtiferðaskipa í sumar séu á bilinu 32 til 34 milljónir króna, sem er

aukning frá fyrra ári. Komur skemmtiferðaskipa fjölgaði verulega fyrir fimm til sex árum. Árið 2003 komu 10 skip en í ár eru

þau 31 eins og að framan greinir. Skipafjöldinn hefur því þrefaldast á tæpum áratug.

– *thelma@bb.is*

## Nær 65% höfnuðu Icesavesamningnum

64,9% kjósenda í Norðvesturkjördæmi höfnuðu gildi laga nr.13/2011, sem kennd eru við Icesavesamning, í þjóðaratkvæðagreiðslu í apríl. Alls voru 15.760 gild atkvæði greidd í kjördæminu, 10.221 sögðu nei og 5.539 já. Kosningaþátttaka í kjördæminu var 75,1% en mesta þátttaka í einstöku sveitarfélagi á landsvísu var í Árneshreppi eða 93,2%. Þá var hlutfall utankjörfundarat-

kvæða hæst í Norðvesturkjördæmi eða 19,3%. Þetta kemur fram í Hagtíðindum Hagstofunnar. Þar kemur fram að mismunandi var eftir kjördæmum hvernig atkvæði skiptust en í þeim öllum var meirihluti gildra atkvæða fyrir synjun laganna. Var hlutfallið hæst 72,9% í Suðurkjördæmi en lægst 53,3% í Reykjavíkurborg.

Eins og kunnugt er voru þjóð-

aratkvæðagreiðslunni greidd atkvæði um gildi laga sem Alþingi samþykkti 16. febrúar 2011 en forseti Íslands synjaði staðfestingar þann 20. sama mánaðar. Í lögnum er kveðið á um heimild til handa fjármálaráðherra til að staðfesta samninga sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, svonefnda Icesavesamninga, um ábyrgð íslenska ríkisins á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs inn-

stæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins. Er endurgreiðslan vegna kostnaðar ríkjanna tveggja af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands h.f. í Bretlandi og Hollandi og greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum.

Þjóðaratkvæðagreiðslan 9. apríl 2011 var önnur frá stofnun lýðveldisins 1944. Eins og áður

getur var þátttakan 62,7% í atkvæðagreiðslunni árið 2010. Þátttaka í öðrum þjóðaratkvæðagreiðslum sem fram hafa farið var mjög breytileg eftir tilefni eða frá 44% í þjóðaratkvæðagreiðslu um dansk-íslensku sambandslögin árið 1918 til rúmlega 98% í tvíþættri atkvæðagreiðslu árið 1944 um niðurfellingu dansk-íslenska sambandslagasamningsins frá 1918. – *thelma@bb.is*

## „Skálkaskjól ríkisins“

**Stakkur skrifar >**

**Stakkur** hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður.

Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Umræðan um hrunið og afleiðingar þess verður endalaus og engin von til þess að henni ljúki nema að eitthvað gerist í atvinnulífi Íslands og efnahagurinn verði reistur við. Lítt bólar á því. Hins vegar gætu ráðherrar orðið 15 og aðstoðarmenn þeirra 33 samkvæmt nýsamþykktum lögum um stjórnarráð Íslands. Margir spyrja efallast hvort allt sé í lagi hjá stjórnarmönnum, að opna fyrir þessa regin firru. Getur virkilega verið að stjórnarmennirnir haldi að uppspretta þjóðarauðsins sé á Alþingi eða í stjórnaráðinu? Nær væri að fækka alþingismönnum og ráðherrum og reyna að jarðtengja blessað fólk, koma því í samband við alþýðuna á Íslandi. Hafi einhver gleymt því þá er henni einmitt ætlað að standa undir hrininu og afleiðingum þess. Henni var lofað norrænni velferðarstjórn. Enn er beðið efnda. Þeir sem hafa leitað þeirra hafa ekki fundið neitt.

Mjög margir eiga í vanda með að greiða af lánunum sínum og sannast sagna verður vart fram hjá því lítið að þeir voru æði margir sem tóku lán umfram getu. Því verður ekki breytt héðan af. Bera bankar og Íbúðalánasjóður mikla ábyrgð, en mesta þó þeir stjórnmalamenn sem ákváðu að veita allt upp í 100% lán til fólks. Eitthvað mikið hefur farið úrskaiðis við greiðslumat lánastofnana. Hinu áttu lánatakendur ekki von á að bankakerfið og allar þær forsendur sem þeir höfðu gefið sér með dyggum stuðningi banka og annarra lánastofnana, myndu hrynja á augabragði. Í orði hefur ýmislegt verið gert til

þess að rétta hlut skuldsettra og býðst þeim að sitja eftir með 110% lán. Það er umfram andvirði fasteignar sem sett var að veði. Það er hvorki meira né minna en 10% umfram verðmætið. Er eitthvert vit í þessu? Það á eftir að koma í ljós þegar fram í sækir hvort svo reynist.

Þótt ljóst sé að enn verði langur vegur að norrænni velferð á Íslandi hefur verið umboðsmaður skuldara verið settur á fót með stuðningi bankakerfisins, sem haldið var á fótum með skattfé almennings. Góð hugsun. Hvernig er svo framkvæmdin? Bankar vilja ekkert gera fyrir þá sem barist hafa við að borga af lánunum sínum. Of mörg dæmi eru hins, að þeir sem slógu stóru lánin, byggðu hallir, keyptu sumarbústaði, hjólhýsi, stóra jeppa og fóru í utanlandsferðir, hafi bara sloppið nokkuð vel. Þeir svæsnustu búa enn leigulítið í stóru íbúðunum og húsunum og ekki má taka af þeim hjólhýsin og hvað þeir heita allir þessir attanfóssar sem hengdir eru við bílana. Á sama tíma eru of mörg dæmi þess að þeir sem vinna enn fyrir lágum launum og hafa reynt að bjarga sér missi hús og íbúðir á uppboð. Bankar snúa baki við þeim. Þeir geta átt sig og komast ekki í skálkaskjól ríkisins, hjá umboðsmanni. Þetta er afleitt. Margir hafa ekki greitt af lánunum í allt að 5 ár og sleppa vel. Þeir sem lögðu allt undir til að standa í skilum eru utan garðs og hafa hvorki skálkaskjól né neitt annað skjól. Þetta er hörmung.





Sævar Þ. Ríkarðsson útibússtjóri Landsbanka Íslands á Ísafirði, Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri Byggðastofnunar, Albertína F. Elíasdóttir forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, Skarphéðinn Pétursson fulltrúi skiptastjóra, og Sigurður Pétursson frá Arctic Fish ehf., skrifa undir sameiginlega yfirlýsingu á Flateyri.

# Arctic Fish kaupir eignir Eyrarodda

Gengið hefur verið frá sölu á eignum þrotabús Eyrarodda ehf., á Flateyri. Það er fyrirtækið Arctic Fish ehf., sem á stóran hlut í eldisfyrirtækinu Dýrfiski ehf., í Dýrafirði, sem kaupir eignirnar. Kaupin eru gerð með velvilja Ísafjarðarbæjar og veðhafa. Í sameiginlegri yfirlýsingu sem hlutaðeigandi skrifuðu undir á Flateyri lýsa þeir yfir ánægju sinni með að farsællega hefur tekist að ljúka sölu á fiskvinnslu þrotabúsins ásamt tilheyrandi fasteignum og fylgifé. Lítil hluti eigna þrotabús Eyrarodda ehf., hafði þegar verið seldur Lotnu ehf. en megin þorri vinnsluhús-

næðisins fer til Arctic Fish ehf.

Áform Arctic Fish ehf., er að byggja upp starfsemi með vinnslu á eldisfiski og öðrum sjávarafli á Flateyri. „Við viljum hefja framleiðslu eins fljótt og hægt er, en fyrst og fremst verðum við að einbeita okkur að því að koma húsunum í það ástand að hægt sé að fá fiskvinnsluleyfi. Til að byrja með munum við einbeita okkur að vinnslu fiskeldisafurða sem við fáum frá Dýrfiski. Svo höfum við áhuga á að vinna annan afla síðar. Við munum reyna að byggja upp samstarf við sveitunga okkar hér á Vestfjörðum, en Arctic Fish ehf. eru ekki með

neina útgerð. Reyndar fylgir línu-báturinn Stjáni Ebbi ÍS með í kaupunum en hann er háður mjög pólitískum byggðakvóta,“ segir Sigurður Pétursson framkvæmdastjóri Arctic Fish ehf.

Forstjóri Byggðastofnunar, Aðalsteinn Þorsteinsson, er ánægður með þessi málalok en stofnunin var stærsti kröfuhafi í eignum þrotabús Eyrarodda ehf. „Það er mikið gleðiefni að loksins er búið að sjá fyrir endan á þessu langa ferli. Ég reikna með að afskipti af þessu tiltekna máli sé lokið af okkar hálfu. Við erum mjög ánægð með þessa samninga og allir aðilar hafa



**Sigurður Pétursson.** teygt sig langt til að ná að lenda þessu svona. Þetta eru fjársterkir aðilar sem taka við þrotabúinu



**Aðalsteinn Þorsteinsson.** og við höfum trú á þessum mönnum,“ segir Aðalsteinn.

– asta@bb.is



Hafrannsóknastofnunin  
Útibú Ísafirði

## Tæknimaður

Hafrannsóknastofnunin auglýsir lausa til umsóknar stöðu tæknimanns á útibúinu á Ísafirði. Starfið felst m.a. í umsjón og viðhaldi rafeindabúnaðar og neðansjávarmyndavéla. Góð tölvukunnátta nauðsynleg. Æskilegt er að umsækjendur hafi próf í rafeindavirkjun. Reynsla eða sambærileg menntun kemur einnig til greina.

Laun samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknir sendist Hafrannsóknastofnuninni fyrir 1. október nk. Nánari upplýsingar veita Hjalti Karlsson, útibúinu á Ísafirði, í síma 575 2300 og Vignir Thoroddsen í síma 575 2000.

## „Samfélaginu til hagsbóta“

„Ég er mjög ánægður, bæði sem íbúi á Flateyri, fyrrverandi yfirmaður í fyrirtækinu sem hér var, og ekki síður sem formaður bæjarráðs,“ segir Eiríkur Finnur Greipsson, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, um kaup Arctic Fish ehf. á eignum þrotabús Eyrarodda ehf. Eyraroddi hætti starfsemi í fyrrahaust en úrvinnsla málsins hefur verið erfið, ekki síst fyrir íbúa á Flateyri, en 42 var sagt upp störfum þegar fyrirtækið varð gjaldþrota. Deila skapaðist um sölu á eignum þrotabúsins þegar vilyrði Lotnu ehf. um kaup á eignunum var dregið til baka og eignirnar boðnar upp á nýju. Þá hófust samningaviðræður við Toppfisk ehf., en þeir voru taldir heppilegri til fiskvinnslu á Flateyri. Hins vegar dró Toppfiskur tilboð sitt til baka um miðjan júlí þar sem ekkert virtist þoka í samningaviðræðum við Byggðastofnun, sem var



**Eiríkur Finnur Greipsson.** stærsti kröfuhafinn í þrotabúinu Eyrarodda.

Nú virðast málin hins vegar í höfn og vonast Eiríkur Finnur að loksins sé búið að eyða óvissunni um framtíðina fyrir íbúa á Flateyri. „Það voru mikil læti í kringum þetta mál og umræðan hefur ef til vill komið verst niður á

þeim sem misstu atvinnuna á sínum tíma. Það hefur auðvitað mikil áhrif þegar 42 missa vinnu í svona litlu samfélagi, þess fyrir utan var það slæmt fyrir sveitarfélagið að missa tekjurnar sem voru af starfsemi Eyrarodda,“ segir Eiríkur Finnur.

Arctic Fish stefnir að því að hefja fiskvinnslu á Flateyri eins fljótt og hægt er, en til að byrja með verður unnin eldisfiskur sem Arctic Fish ræktar í Dýrfirði. Eiríkur Finnur hefur átt í viðræðum við forsvarsmenn fyrirtækisins og segist bera fullt traust til þeirra. „Mér finnst þeir mjög traustvekjandi, þeir virðast hafa mótaðar hugmyndir um hvað þeir ætla að gera. Ég hef ekki ástæðu til annars, miðað við það sem ég þekki til bakgrunns þeirra, en að þetta séu alvöru aðilar. Ég ekki trú á öðru en að þetta verði samfélaginu hér á Flateyri til hagsbóta.“

– asta@bb.is



# Veganesti Nannýar

Nanný Arna Guðmundsdóttir sameinaði áhuga sinn á útiveru og hollu mataræði þegar hún kom fyrirtækinu Veganesti á laggirn-ar. Nanný útbýr nestispakka fyrir útivistarfólk í dagsferðum á Vestfjörðum, með áherslu á hollan mat sem gerir nestisstundina að enn notalegri upplifun en ella. Hún sagði blaðamanni frá tilurð fyrirtækisins og öðrum hugðar-efnum sínum.

## Hugmyndin kviknaði í kajakferð

„Hugmyndin að nestispakkan-um fæddist haustið 2009. Þá var ég í kajakferð, þar sem róið var frá Seyðisfirði yfir í Hestfjörð. Ferðin var prufuferð á vegum Borea Adventures, fyrirtækis sem maðurinn minn rekur - við vorum að kanna hvað dagsferðin tæki langan tíma, hvar væri snið-ugt að stoppa til að borða nesti og fleira,“ útskýrir Nanný, en maður hennar, Rúnar Óli Karlsson, er annar stofnenda Borea.

„Í þessari ferð hlakkaði ég svo ótrúlega mikið til að stoppa og borða nestið. Þá fæddist þessi

hugmynd. Fólk sem kemur hing- að vestur, jafnvel bara til að fara í svona dagsferðir, hefur oft ekki tíma til þess að smyrja sér sitt eigið nesti. Það er hins vegar svo ótrúlega mikilvægt að vera með gott nesti í ferðum sem krefjast líkamlegs úthalds,“ segir Nanný.

Í kjölfarið samdi hún við eig- endur Borea um að fá að prófa að bjóða nestispakka til sölu í dags- ferðum þeirra á komandi sumri, árið 2010. „Fólki stóð þetta þá til boða, það gat valið um nestis- pakka eða ekki. Það kom á daginn að þeir sem vildu nestið voru mjög ánægðir og þetta gekk rosa- lega vel. Aðrir, sem ekki höfðu viljað kaupa nesti, voru oft vanbúnir hvað það varðaði, með lítinn mat og varð kalt, en með nestispakkanum fylgir heitt te á brúsa,“ útskýrir Nanný.

Eftir velgengnina síðasta sum- ar ákvað Borea að selja nestis- pakkana með öllum sínum dags- ferðum. „Í sumar hef ég líka boð- ið upp á þetta í gegnum Vestur- ferðir, en þar er það eins og þetta byrjaði hjá Boreu - fólki býðst þá að kaupa nestispakka í þeim dagsferðum sem Vesturferðir

selja,“ útskýrir hún.

## Á að vera gott veganesti

Frá því að hugmyndin kvikna- aði og þar til fyrsta dagsferð sum- arsins var farin vann Nanný að því að þróa nestispakkann. „Mér fannst mikilvægt að hann segði eitthvað, skildi eitthvað eftir sig; að hann væri bæði hollur og fullur af næringu og að í honum væri eitthvað íslenskt, vestfirskt og lífrænt,“ segir Nanný frá. „Ég kalla framleiðsluna Veganesti og það felur í sér meira en bara næringu fyrir kroppinn. Það á að fela í sér einhverja upplifun sem maður tekur með sér áfram. Ég legg allan metnað minn í að hafa nestispakkann góðan og bý þetta að mestu til sjálf. Svo langar mig líka til þess að þróa umbúðir sem veita einhverjar frekari upplýs- ingar,“ útskýrir Nanný, sem brýt- ur nú heilann um hvernig slíkar umbúðir væru best úr garði gerð- ar.

„Ég fékk styrk frá Impru, úr verkefninu Krásir, árið 2010, til þess að þróa nestispakkann. Ég ætlaði að nota hann líka til að

þróa umbúðirnar en það vannst bara ekki tími til þess. Mig langar að búa til eitthvað umhverfis- vænt, eitthvað sem fólk getur notað áfram, en fer ekki beint í ruslið - en ég hef bara ekki dottið niður á þá hugmynd ennþá!“ seg- ir hún. „Þetta hefur tekið aðeins lengri tíma en ég bjóst við,“ bætir hún við og brosir. „Svona er þetta, maður veit svona hluti ekki fyrirfram.“

Hún hefur hins vegar mikinn hug á að finna betri lausn á um- búðamálum. „Ég hef verið að senda þetta frá mér í plastnestis- boxum, en þá er ég svolítið bund- in því að fá þau til baka. Fyrir vikið get ég ekki verið að selja þetta Jóni og Gunnu úti í bæ - ég verð náttúrulega að fá boxin aft- ur,“ útskýrir hún.

## Hjónabandssælu-orkustykkið vinsælt

Sem áður segir býr Nanný sjálf til nærri allt innihald nestispakk- ans, sem setur henni þó dálítil takmörk. „Fyrsta hugsunin var að mig langaði að hafa eitthvað

vestfirskt í nestispakkanum, en það verður svo að vera eitthvað sem ég get búið til sjálf. Ég kann til dæmis ekki að gera harðfisk! Hann væri alveg tilvalinn í nestis- pakkann, en ég kann bara ekki að búa hann til,“ segir hún og hlær við.

„Það sem mér datt í hug að nota var rabarbari og bláber, sem við getum fengið hérna í náttúr- unni og ég handtíni. Svo langaði mig að leggja áherslu á það lífræna og íslenska, þannig að ég baka byggbollur úr lífrænu byggi frá Vallarnesi. Inn í bollurnar set ég salat úr garðinum, chilisultu sem ég bý til sjálf, og svo kotasælu, sem er nú mjög íslenskt fyrirbæri. Ég bý líka til orku- stykki sem eru einhvers konar samblanda af þeim orkustykkjum sem við þekkjum út úr búð og hjónabandssælu, af því að mig langaði að koma rabarbaranum inn í það líka,“ segir Nanný frá. „Orkustykkið er mjög gott þó ég segi sjálf frá og hefur fengið rosa- lega góðar viðtökur. Svo er ég með bláberjamuffins,“ bætir hún við.

Hjónabandssæla og bláberja-

# Uppáhaldsréttir matgæðingsins

Réttirnir eru margreyndir, nokkuð auðveldir og alltaf jafnvinsælir. Una Þóra er á bak við eldavélina og dassar grimmt. Verkstjórinn gerir nokkuð auðveldlega það sem honum er sagt að gera, en þarf nákvæm mál og vikt á hlutina. Smakkarinn situr í mest notaða húsgagni heimilisins, eldhússófanum, og gaumgæfir haukránum augum allt það sem til fellur á gólfid. Það smakkast í öllum tilfellum vel.

Forrétturinn er sáráinfaldur, fljótlegur og hefur bæði verið notaður hjá okkur sem fyrirfram ákveðinn gourmet forréttur og skynandiuppfilling á undan of litlum aðalrétti, þegar fljótlegar óvænt viðmatborðið. Hann kemur úr uppáhaldsmatreiðslubók verkstjórans, „Sælkeragöngur um París“, eftir mæðgurnar Sigríði Gunnarsdóttur og Silju Sallé. Það er falleg og afar aðgengileg bók, full af myndum og lifandi fróðleik um hverfi Parísar og 60 tilsvaramandi uppskriftum að matarhamingju. Ekkert dass þar! Breytingar frá bókinni eru aðlagðar að smekk sælkeranna.

**Sveppahattar með skinku og heitum geitaosti**  
(Chapeaux de champignons)  
8 stórir sveppir (fyrir 4)  
Hráskinka (Parmaskinka)  
8 sneiðar af geitaosti, eða bara Camembert, Höfðingja...  
Salt og pipar  
Ólífur, Ólífuolífa

**Blaðsalat**  
Basilika, söxuð  
Vinaigrette-sósa (vínedikssósa/  
salatsósa, t.d. Ólífuolífa, balsamic edik, Dijon hunangssinnep og smá salt)

Brjótidi stilkana frá sveppahöttunum, þvoðið hattana og þurrkið. Hitid ofngrið í 250°C. Takið eldfast mót og berið á það olíu. Leggið hattana í það með flötu hliðina upp. Berið olíu á hattana, saltið, piprið og setjið þá undir grillid í 5 mínútur, eða þar til þeir verða dökkir. Takið fatið út, leggið litla skinkusneið á hvern hatt og síðan ostneið. Grillid áfram í 5 mínútur, eða þar til osturinn hefur fengið brúnan blæ. Takið út og látið í 1 ólífu á hvern hatt. Berið strax fram með blaðsalati í vínedikssósuni. Stráid basilikunni yfir.

Fiskur er oftast á borðum hjá okkur og uppáhaldsveislumaturinn er aðalrétturinn hér:

**Rauðspretturúllur með rauðpestói**  
(fyrir 4)

(Roulade de plie aux pesto rouge)  
4 rauðsprettuflök  
Blönduðhrísgrjón  
Fersksalat  
**Rauttpestó:**  
100 g ristaðar furuhnetur  
100 g sólpurkaðir tómatar  
1 lúka af steinselju  
1 dl rifinn Parmesan ostur  
1 dl capers  
3 msk Ólífuolífa

**Salt og pipar**  
**Sósa:**  
2 dl matreiðslurjómi  
1 dós sýrður rjómi 18%  
Restin af pestóinu

Rauðsprettuflökin roðflett, beinhreinsuð og skipt langsum í 8 flakahluta. Verkstjóranum finnst alltaf betra að bæta 1 flaki við til að nóg sé skammtað. Í stað kolans má gjarnan nota smálúduflök, en þau eru þykkari og matmeiri en kolinn og þarf að taka tillit til þess. Innihaldið í pestóidherhakkað í matvinnsluvél. Okkur finnst best að hafa pestóid frekar grófhakkað. Gerið frekar of mikið en of lítið pestóid. Pestóid saltað og piprað eftir smekk. Pestóinu er smurt á roðhlið flakanna og þeim rúllað upp og sett í eldfastmót. Passið að eiga smárest af pestóinu til að blanda í sósunu.

Í raun á að rúlla Parma skinku utan um fiskrúllurnar, en okkur finnst því ofaukið og gerum það ekki. Rúllurnar settar í 225°C heitan ofn í 10 mínútur. Rjóma og sýrðum rjóma blandað saman ásamt restinni af pestóinu. Hellt yfir rúllurnar og bakað í 7 mínútur til viðbótar.

Borið fram með hrísgrjónablöndu og salati.

Eftirrétturinn er ekta franskt lostæti úr „Sælkeragöngu“ Sigríðar og Silju:

**Heitar, hálfbakaðar súkkulaðikökur**



(fyrir 4-6)  
(Fondants au chocolat)

4-6 eldföst form (t.d. margnota, stök, stór muffins form), sem taka um eða yfir 100 ml hvert  
150 g dökkt, sterkt súkkulaði (75%)  
3 egg  
80 g sykur  
Smásultaður rifinn engifer (ekki nauðsynlegt, en afar gott)  
50 g smjör + 1 klípa til að smyrja formin með  
1 msk hveiti

Þessar kökur eru bakaðar rétt áður en þær eru borðaðar. Þær þola ekki bið! Hitid ofninn í 250°C og verið viss um að hann sé orðinn það heitur áður en bakað er! Bræðið 100 g af súkkulaðinu með smjörinu í örbylgjuofni, eða

potti á hellu við vægan hita. Smyrjið 4-6 form og stráid hveiti í þau. Þeytið saman egg og sykur, bætið hveitinu í og hrærið varlega saman. Hellið loks bræddu súkkulaðinu út í. Hellið helmingnum af deiginu í formin, leggið súkkulaðibita ofan á og hellið afganginum af deiginu yfir. Bakið í 5 mínútur og ekki lengur, þó kökurnar virðist ekki næganlega bakaðar. Þær eiga að vera fljótandi innst. Berið strax fram með þeyttum rjóma og t.d. jarðarberjum. Passið ykkur á heitum formunum.

Bon appétit!

Til að gera gott betra, skorum við á nýráðinn framkvæmdastjóra Edinborgarhússins, Jón Þór Þorleifsson til að æsa upp í lesendum bragðlaukana í næsta blaði.

muffins hljómar kannski ekki eins og hrein hollusta, en er þó mun heilsusamlegri í meðförum Nannýar en margra annarra. „Ég nota eins lítinn sykur og hægt er og nota þá frekar hrásykur og hunang, sem eru betri orkugjafir fyrir líkamann en hvítur sykur. Það skiptir máli hvaðan orkan kemur og hvað líkaminn gerir við hana,“ segir hún.

Hver pakki samanstandur af tveimur byggbollum, einu orkustykki og bláberjamuffins, sem á að fleyta ferðalöngum vel í gegnum dagsferðina - nokkuð sem Nanný prófaði í þaula áður en fyrsti nestispakkinn fór úr eldhúsinu. „Ég á bæði mann og son sem eru miklir matgæðingar og voru þínir allan veturinn 2010 til þess að fara í ferðir með nestispakka. Vinir og kunningjar líka. Svo sögðu þau mér hvað þetta dugaði langt, hvort það væri of lítið eða mikið... Það var fullt af fólki sem var tilbúið að leggja sig fram,“ segir hún.

## Byrjaði að baka nú ára gömul

Þó að Nanný sé ekki menntuð í næringarfræði eða matseld hefur hún lengi haft áhuga á hvoru tveggja. „Ég hef rosalega mikinn áhuga á mat og matseld, að lesa uppskriftir og lesa mér til um næringarinnihald og annað. Ég velti því svolítið mikið fyrir mér. Dætur mínar segja að ég hljóti að fara að breytast í kanínu vegna

mataræðisins - en ég er nú mest að hugsa um hollustuna,“ segir hún glettin.

Áhuginn hefur fylgt henni lengi, eða alveg frá því að hún var ung. „Móðir mín var ekki alltaf ánægð með framtakssemi mína þegar hún kom heim úr vinnunni, eldhúsið á hvolfi og ég kannski búin að baka hálfmána um miðjan júlí. Það var þá af því að ég hafði séð spennandi uppskrift,“ segir hún og hlær við. „Þetta hefur fylgt mér lengi.

Það er því ekki að undra að Nanný játar spurningunni um hvort hún hyggtist halda starfsemiinni ótraud áfram næstu sumur án þess að hika. „Eins og er finnst mér þetta svo ótrúlega gaman að ég ætla að halda áfram í þessu. En ég geri þetta meðfram fullri vinnu. Eins og er smellpassar þetta saman, en svo verður maður bara að sjá hvað gerist. Þetta er algjör sumarvertíð. Ég vakna eldsnemma á morgnana til að smyrja nesti og baka svo á kvöldin. Veturnir fara í prófanir og þælingar. En nú er ég búin að setja þennan matarpakka niður, hann breytist ekkert í bráð,“ segir Nanný.

Ekki er minna að gera hjá eiginmanni Nannýar yfir sumarmánuðina. „Við erum bæði á hvolfi. Við eigum alveg ótrúlega skilningsrík börn! Þau eru búin að setta sig við að við förum ekkert langt í sumarfrí, þó maður fari kannski í næsta fjörd er ekki verið að leggja í margra vikna

ferðalag. Það er bara ekki í boði sem stendur,“ segir hún.

## Úr bankanum í leikskóla

Samhliða Veganestinu er Nanný í fullu starfi sem leikskólastjóri á leikskólanum Eyrarskjóli. „Við störfum í anda Hjallastefnunar, og leggjum áherslu á holla fæðu og að börnin fái eitthvað úr matnum. Hann á ekki bara að vera til að fylla magann heldur skapa vellíðan hjá börnunum og gefa þeim orku til að takast á við erlissama daga. Við reynum til dæmis að taka út sætan eða sykraðan mat og unnar kjötvörur,“ segir Nanný, sem hóf störf sem leikskólastjóri í sumar, eftir að hafa verið í afleysingum í eitt ár. Þar áður var hún leikskólastjóri í Súðavík í þrjú ár, en því fer hins vegar fjarri að hún hafi alltaf helgað sig þeim starfsferli.

„Ég var þjónustufulltrúi í banka þegar ég byrjaði að læra leikskólakennarann í fjarnámi. Ég þótti alveg ótrúlega rugluð að hella mér ekki í viðskiptafræði! Ég útskrifaðist síðan sem leikskólakennari 2006, svo ég var búin að koma mér ágætlega fyrir þegar hrunið varð, sem betur fer. Þá fékk ég nú smá klapp á bakið: „Þetta var nú sniðugt hjá þér...“ segir hún og hlær við.

Nanný er hæstánægð með þessi umskipti. Ég hef ekki mikið vit á peningum en ég hef ágæt



tök á börnum, svo það á betur við mig. Það eru forréttindi að fá að fylgjast með þeim þroskast og dafna og taka þátt í lífi þeirra þennan tíma sem þau dveljast í leikskólanum

Þegar Nanný á lausa stund frá leikskólanum og Veganesti er útiveran efst á blaði yfir upphaldsiddjur. „Mér finnst mjög gaman að fara á skíði, ganga á fjöll og hreyfa mig. Ég, eins og svo margir Ísfirðingar, er í hinum föngulega hlaupahóp Riddurum Rósu. Svo ligg ég bara í leti þess á milli. Að vera úti, með öllu

sem því viðkemur, er væntanlega stærsta áhugamálið mitt. Og þar spilar nestið náttúrulega stórt hlutverk. Það er yndislegt að vera á skíðum, stoppa einhvers staðar og fá sér gott nesti,“ segir Nanný, sem finnst nestisstundin lúmskt stór þáttur í útivistarupplifuninni.

„Ef maður er í gönguferð og sest niður í græna laut til að njóta útsýnisins og borða gott nesti verður allt streðið upp brekkuna einhvern veginn þess virði. Þetta er upplifun og mér finnst gaman að geta glatt fólk með henni,“ segir Nanný að lokum.

# GRÍPANDI HAUSTLESNING



## Bók mánaðarins er Skindauði eftir Thomas Enger.

Skindauði: Dauðadá, ástand þar sem líkamsstarfsemi er við lágmark og manneskjan virðist dáin.

Fyrir tveimur árum fórst sonur blaðamannsins Hennings Juul í hræðilegum eldsvoða. Veröld Hennings hrundi. Nú berst hann við að koma aftur undir sig fótunum en um leið þarf hann að fjalla um dularfullt morðmál. Henning grunar að málið sé flóknara en lögreglan heldur og leiðist sjálfur á sífellt hættulegri slóðir. Svo fer dauðsföllunum að fjölga ...

THOMAS ENGER ER ÖRT  
RÍSANDI STJARNA Á  
GLÆPASAGNAHIMNINUM Á  
NORÐURHVELI. SKINDAUÐI FÓR  
BEINT Á TOPPINN Í DANMÖRKU.

**Eymundsson**  
Bóksali frá 1872